

# Röggur

Tímarit íslenska Reggionetsins um leikskólastarf

Ritstjórn og ábyrgðarmenn: Guðrún Alda Harðardóttir [guðrun@unak.is](mailto:guðrun@unak.is) og Kristín Dýrfjörð [dyr@unak.is](mailto:dyr@unak.is)

3 tbl. 3.árg. Haust 2001

Ágætu vinir

Nú er vetur konungur genginn í garð, starfið í föstum skorðum eftir sumarfrí og nýtt skipulag náð að slípast til. Nú er e.t.v. tími til að taka sér litla stund í önn dagsins með Reggio fréttir og kaffibolla. Sem við höfum ákveðið að kalla eftirleiðis *Rögggur*.

En orðið Röggur er leitt af orðinu rögg sem, samkvæmt því sem fram kemur í *Merg málsins* eftir Jón G. Friðjónsson, merkir meðal annars: Kraftur, fumkvæði, myndugleiki eða framtak. Á síðari hluta 17. aldar er talið að orðið röksamlega og röksemd hafi breyst í orðið röggssamlegur og þannig hafi orðið fengið nýja merkingu.

Við teljum leikskólakennarastéttina vera og hafa verið röggssama stétt, sem hefur tekið á málefnum yngstu samborgaranna af krafti og myndugleika. Við vitum að til að tryggja gæði starfsins verðum við að vera vakandi yfir aðstæðum barna og að okkur ber skylda til að halda við þekkingu okkar. Meðal annars með því að lesa um nýjar rannsóknir og ræða saman á ígrundaðan hátt um starfið.

Þessu tímariti er ætlað að vera bæði innlegg í þá umræðu sem vettvangur hennar. Er það okkur sérstakt ánægjuefni hversu margir hafa lagt okkur lið í þetta skipti og er það von okkar að svo verði áfram. Takk fyrir framtakið.

Kristín og Guðrún Alda

## Efnisyfirlit:

Gaggala Tutti. Traust sem námskrá – óskastarf á yngstu deild .....	2
Kristín Dýrfjörð	
Heimspekisaga fyrir yngstu börnin. Litir í bók og sögu .....	8
Guðrún Alda Harðardóttir	
Lengi býr að fyrstu gerð - Óskaleikskólinn .....	9
Sólrún og Sveinbjörg Eyfjörð Torfadætur	
Ég hef þá sýn .....	14
Lovísa Hallgrímsdóttir	
Akureyrarkirkja.....	16
Kristlaug Svavarsdóttir	
Rannsóknareðli listarinnar .....	19
Arna G. Valsdóttir	
Það var alveg ofboðslega gaman að fara út í myrkrið! .....	25
Þórdís Ósk Helgadóttir	
Í Reggio .....	31
Soffía Þorsteinsdóttir	
Norræn sýn á barnið og uppeldisleg skráning .....	34
Sigríður Síta Pétursdóttir	
Greining á matskýrslum fjögurra leikskóla og eins grunnskóla .....	38
Margrét J. Þorvaldsdóttir	



Í minningu Sturlu

---

---

# Gaggala Tutti

## Traust sem námskrá – óskastarf á yngstu deild

---

Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri

---

Á ráðstefnu á Akureyri settust 76 leikskólakennara niður í 6 hópum til að búa til drög að námskrá fyrir yngstu börnin í leikskólanum. Í þessari grein verða niðurstöður skoðaðar. Sú aðferð sem beitt er nefnist orðræðugreining.

Í sumar sem leið stóð Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Rannsóknarstofnun HA fyrir ráðstefnu um yngstu börnin í leikskólanum. Ráðstefnan nefndist „**Gaggala Tutti**“ *1-3 ára í leikskóla*. Mörg erindi voru flutt og verða þau ekki tíunduð hér.<sup>1</sup> Ég var einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar og flutti þar erindi.

Hluti af ráðstefnunni var vinna í hópum þar sem fólk velti upp ýmsum spurningum um hvernig óskastarf með yngstu börnin í leikskólanum ætti helst að líta út. Sex hópar störfuðu með samtals 76 leikskólakennurum. Hver hópur fékk ákveðinn hópstjóra og ritara, sem bar ábyrgð á að taka saman umræðupunkta. Hóparnir skiluðu niðurstöðum, annarsvegar munnlega og hinsvegar skriflega. Ritari hvers hóps tók saman helstu atriði og kom þeim í tölvutæku formi til ráðstefnustjóra, Sigríðar Sítu Pétursdóttur sem sá um að taka þau saman í eitt skjal og koma því til allra sem sátu ráðstefnuna. Hóparnir fengu um tvo klukkutíma til að vinna saman.

---

<sup>1</sup> Nöfn fyrirlestra og fyrirlesara. Ég get! Sigríður Síta Pétursdóttir. Þögul þekking? Guðrún Alda Harðardóttir. Umönnun sem námskrá, Kristín Dýrfjörð. Að byrja í leikskóla! Olga Gísladóttir. Áhrif umhverfis á leik og líðan barna. Hanna Berglind Jónsdóttir.

Verkefnið sem hóparnir fegnu voru: að búa til líkan af deild fyrir 1 – 3 ára börn, þar sem vinnubrögð væru í anda þess sem fram kom hjá fyrirlesurum. Vinna grunn að námskrá, þar sem eftirfarandi atriði voru til umræðu:

- **Markmið og leiðir**, hvernig læra 1-3 ára börn? Fjögur hugtök átti að hafa til hliðsjónar þau voru: *samskipti, hlustun, traust og umönnun*.
- **Dagskipulag**, hvernig er hægt að móta dagskipulag sem hentar bæði starfsfólki og börnum?
- **Foreldrasamstarf**, hvernig á að gera foreldra virka þátttakendur í starfi leikskólans? Er leikskólinn þjónusta við foreldra?
- **Umhverfi og aðbúnaður**, hvernig umhverfi hentar 1-3 ára börnum? Hvað á að vera? Hvers vegna?

Markmiðið var að tengja saman fólk sem flest vinnur á deildum með yngstu börnin og skapa einhverskonar samstarfsvettvang eða tengslanet fyrir það. Netfangalisti var útbúinn og fékk hver einstaklingur sendar niðurstöður allra hópa.

Hóparnir komust mislangt í umfjöllun sinni, einn hópurinn ræddi t.d. foreldrasamstarf, annar hópur einbeitti sér að dagskipulag, þriðji að starfsmannahaldi o.s.frv. Auðvitað bera umræður þess merki að fólk var búið að sitja og hlusta á fyrirlestra tengda öllum þeim atriðum sem ætlað var að ræða.

Ég ákvað að skoða samantektina/punktana og gera tilraun til að greina þá frá ákveðnum þemum. Ég beitti aðferð orðræðugreiningar á gögnin sem er vel þekkt og notuð í eigindlegum rannsóknum. Ég las punktana og reyndi að finna ákveðin þemu eða stef. Síðan klippti ég textann, eftir þörfum, raðaði og endurraðaði eftir því sem mér fannst eiga við og að lokum setti ég hann svo upp í samtalsform. Upprunalegi textinn þ.e. niðurstöður hópanna að frádregnum nöfnum og slíku var 2631 orð en samtalið sem ég bý til er 2625 orð með spurningum. Þau þemu sem birtust og ég ákvað að nota eru í reynd ekki langt frá þeim spurningum sem fóru inn í hópanna. Ég hafði þær reyndar ekki til hliðsjónar en bar saman við þær eftir á.

Orðræðugreining felst m.a. í því að bera kennsl á þá orðræðu sem er í gögnunum og finna þeim farveg. Eða að leitast við að láta ákveðnar raddir hljóma. Til að ná þessu markmiði set ég gögnin upp sem samtal eða frásögn um leikskólamála. Sú rödd sem ég vel að láta hljóma er „ég, leikskólakennarinn“ sem ég gef nafnið Pálína. Pálína er fulltrúi allra þeirra 76 leikskólakennara sem tóku þátt í hópstarfinu. Stundum koma auðvitað upp skoðanir sem vísa í sitthvora áttina og þá vel ég að láta Pálínu nefna það sem skoðun einhverrar í hópnum hennar eða umræðu sem þar komu upp.

Pálína er leikskólakennari sem er að segja frá hvernig starfið á yngstu deildunum á að vera. Hennar frásögn er samkvæmt því sem þær í leikskólanum hafa komist að eftir umræðu um málið. Stundum varpa ég inn spurningum frá mér, *Kristínu* sem hlustanda og þátttakanda í viðtalinu sem vill vita meira. Þetta geri ég mestmegnis til að tengja saman ólíka hluta og til að leitast við að mynda heild í verkinu. Ég bæti einhverju inn í samtalið en það er aðallega gert til að þetta hljómi sem talmál, svona eins og raunverulegt viðtal. En þegar Pálína talar heldur hún sig ákaflega nærri þeim punktunum sem fram komu þó svo að ég sleppi örfáum atriðum.

### **Traust sem námskrá - óskastarf á yngstu deild**

Ég heiti Pálína Guðmundsdóttir og er leikskólakennari í leikskólanum Vinabæ. Í leikskólanum mínum höfum við verið að ræða um hvernig við viljum að starfið með “þessum litlu” eigi að vera. Við veltum fyrir okkur ýmsu í kringum starfið. Þegar Kristín nefndi það við mig að koma í viðtal og ræða um starfið og hugmyndirnar fann ég að ég var alveg tilbúin.

#### **Pálína hvernig byrjuðuð þið, hvað rædduð þið fyrst?**

Já, við byrjuðum á að ræða *markmiðin*. Við ræddum hver viljum við að séu markmiðin með starfinu með yngstu börnunum. Hver er sýn okkar á barnið. Og við komust að því að við viljum að þar ríki traust og gleði. Við viljum sjá hamingjusöm og forvitin börn. Við viljum

að uppeldi sé til kærleika. Já, við viljum að þau séu sjálfsörugg og í stakk búin til að takast á við hið óþekkt. Við viljum að barnið sé öruggt í umhverfinu sem einstaklingur. Bara að það þori að takast á við ný verkefni – sýni sjálfstraust og sé skapandi.

Svo er líka markmið hjá okkur að mynda sterk tengsl við barnið. Að byggja traust milli barna og starfsfólks og við foreldra. Þannig teljum við að barninu líði vel í leikskólanum. Og svo megum við auðvitað ekki gleyma því að það er mikilvægt að skapa börnunum ákjósanleg skilyrði fyrir alhliða þroska. Veistu Kristín, ég held að þetta sé nokkurn veginn það sem við setjum sem markmið hérna í Vinabæ.

#### **En Pálína, hvernig ætlið þið að ná þessum markmiðum? Hvernig starf á að vera hjá ykkur? Hvernig verður dagskipulagið?**

*Dagskipulagið*, við teljum heppilegt að hafa yngstu börnin sér. Yngstu börnin fá þá að vera í friði á sínum forsendum. Við viljum að í dagskipulaginu séu ákveðnar vörður, þessar vörður gætu verið, morgunmat, hádegisverður, hvíld, samverustundir í ýmsum formum, hópstarf. Svona fastir punktar í starfinu og „flot“ þar á milli. Svo vorum við að tala um að það væri gott að setja dagskipulagið upp myndrænt, þar sem allir sjá það. Þetta er líka ein leið til að gera starfið sýnilegra fyrir foreldra.

En annars viljum við að dagurinn hafi *rytma*. Við viljum ekki að dagskipulagið sé of niðurnjörvað en við viljum að það sé samt með ákveðinn ramma sem skapar börnunum öryggi. Skipulagið er fyrir börnin ekki starfsfólkið! Það þarf að gefa barninu *nægan tíma og rými*. Við megum samt ekki gleyma því að fasta rúttinan gefur öryggi. Börn bregðast misjafnlega vel við breytingum og hvernig bregðumst við sjálfar við þessum einstaklingsmun? Lífið gengur ekki eftir bókinni svo rúttina og breytingar er gott í bland.

Leikskóladagurinn þarf að hefjast á *góðum móttökum* og síðan reki hver athöfn barnsins aðra, einstaklingurinn sé virtur. Það er mikilvægt að hugsa um alla þætti t.d er hvíldin nauðsynleg. Og líka að við tökum þátt í henni með börnunum. Það er auðvitað mikilvægt að börnin sofi nóg, það hefur áhrif. En hún hefur líka endurnærandi gildi fyrir okkur, starfsfólkið.

### **Pálína hvernig gengur ykkur að skapa þessa samfellu í tíma sem þið teljið vera svo mikilvæga?**

Jú, við höfum reynt ýmislegt til að skapa *samfellur* í starfinu og þurfa sem minnst að brjóta upp leikinn. Þú veist þessa tilhneigingu til að flýta morgunmat og kaffitímum starfsmanna til að ná samfellu í starfið fram að hádegi.

Við meira að segja ræddum um að taka morgunmatinn af og setja þá kröfu á foreldra að þeir taki sér tíma til að borða morgunmat með barninu áður en haldið er í leikskólann að morgni. Þetta sé mikilvægur tími með barninu í byrjun dagsins. Síðan komi líka að því að barnið byrji í grunnskóla og þá þarf það að borða heima, því þá ekki meðan það gengur í leikskóla? Þá kemur barnið líka vel vakandi og tilbúið í leikskólann, en ekki á náttfötunum eins og stundum er núna. Foreldrar eru skynsamlegt fólk og taka rökum, en þurfa að fá að heyra þau. Ég veit ekki hvernig ég á að svara þessu þetta er flóknara en svo að einfalt svar nægi, þetta er auðvitað líka öll stjórnunin og svo kjarasamningar, þú veist þetta með kaffitímann.

En við höfum samt ákveðið að *dagskipulagið* verði að henta bæði börnum og fullorðnum. Við höfum til dæmis ákveðið að hver starfsmaður hafi ákveðinn hóp og fylgi honum eftir. Sé með sínum hóp við matarborðið, við skiptiborðið (wc) og í samverustund. Við viljum að það sem hefur verið kallað *lykilpersónur* – fyrir börnin þ.e. að hvert barn hafi sína lykilpersónu.

Við viljum að hver starfsmaður fái líka *ákveðið svæði*, að starfsfólk skipuleggi sig á sínu svæði, börnin velja sér tilboð þ.e. þegar þau eru ekki í lykilhópnum sínum. Þetta byggir á því að við skipuleggjum okkur í stað þess að skipuleggja alltaf börnin. Starfsfólk ber þá ábyrgð á sínu svæði og ber ábyrgð á því en börnin fái ákveðið frelsi - þau fari á milli svæða eftir áhuga.

### **Pálína nú hefur verið töluverð umræða um skipulag í leikskólanum, hvernig það eigi að vera, hvert við höfum stefnt og svoleiðis, rædduð þið það eitthvað, þetta með skipulagið?**

Já einhverra hluta vegna lendum við leikskólakennarar oft í þessum *ímyndaða tímaskorti*. Drífum alla út þegar klukkan og dagskipulagið segja *útivist* og stuttu seinna eru allir drifnir aftur inn í næsta dagskrárlið.

Við ræddum um að við ættum heldur að reyna að njóta samskiptanna við hvern einstakling og hópinn. Við ræddum um að of mikið skipulag getur hindrað barnið í að læra á sínum hraða og forsendum. Og hvar erum við þá með áherslur okkar á einstaklinginn? Og meira að segja þó að við séum alltaf að tala um að frjálsi leikurinn sé mikilvægasta námsleið leikskólabarnsins - veistu þá þarf að vernda hann fyrir *skipulagsþörf* okkar fullorðna fólksins.

### **Er einhver sérstök ástæða fyrir þessu?**

Kannski er þetta út af *starfsmannahallærinu*, miklar mannabreytingar þær skapa öryggisleysi. Svo er kannski hluti af þessu öllu hvað það eru *margir ófaglærðir*. Þú veist, það er auðveldara að kenna starfsmanni á starf sem búið er að hólfa snyrtilega niður með vinnulýsingu fyrir hvern þátt, en að segja honum að sinna nú hverju barni sem best, rækta tengslin, örva alla þroskaþættina og allt það næstu 2-3 tímana, eða hvað?

Æi, við erum að fást við sífellar þverstæður, dagskipulagið má alls ekki vera of niðurnjörvað en verður samt að vera með ákveðinn

ramma sem skapar börnunum öryggi. Við verðum bara að hafa í huga að skipulagið er fyrir börnin ekki starfsfólkið! Við verðum að muna að skipulag skólustarfsins er af hinu góða en við verðum bara að gæta þess að það verði ekki allt of stýrandi.

Svo vorum við líka að tala um þessa tilhneigingu sem er hjá okkur, þú veist leikskólakennurum, að taka upp allt sem við heyrum sniðugt hjá hinum og þessum og yfirfylla alveg alla daga vikunnar af dagskrárliðum. En þetta fer líka eftir aðstæðum, ytri og innri á hverjum stað.

### Í þessari vinnu ykkar Pálína, rædduð þið um hvernig stjórnun þið telduð æskilega?

Já við gerðum það nú en samt aðallega almennt. Sú hugmynd kom fram að *deildarstjórinn væri ekki með ákveðinn hóp*, heldur leysti hann af og kemur inn í alla hópa, og tæki svo líka að sér skipulag foreldravíðtala. Þetta ætti við á deildum þar sem bara einn leikskólakennari er og þannig er raunveruleikinn á flestum deildum. En skoðanir og skipulag er misjafnt eftir leikskólakennurum. Er það slæmt?

Við viljum líka að það sé *upplýsingafundur* á morgnanna. Þá er kannski hægt að tryggja að allt starfsfólk vinni svipað og sé sammála um hvernig að starfinu skulið staðið. En annað sem er mikilvægt fyrir þann þátt teljum við nú reyndar vera að námskráin sé tilbúin.

Svo ég komi aftur að þessu með samfelluna, við teljum nefnilega að það verði líka að mæta *félagslegri þörf starfsmanna*, þess vegna eru kaffitímarnir mikilvægir. Líka sem hvíldarstund í erli dagsins. Leikskólinn er vissulega fyrir börnin, en líka fyrir alla aðra sem að honum koma. Þú sérð Kristín, eintómar þverstæður.

### Rædduð þið eitthvað um hvernig þið viljið að starfsfólkið sé?

Já, mikil ósköp hvernig er hægt að ræða um leikskólustarf án þess að ræða starfsfólkið? Jú, við viljum *traust og gott starfsfólk*. Samskipti hinna fullorðnu sín á milli skipta miklu máli. Því það er jú alltaf fyrirmyndin. Ef starfsfólk vinnur vel saman skilar það sér inn í leikinn. Við lásum einhversstaðar um rannsókn sem segir, að eftir því sem fleiri fullorðnir eru í barnahóp þá virðast það hamla góðum samskiptum fullorðinna og barna.

Börn læra af *samskiptum fyrirmyndarinnar*. Bros kallar fram bros. Veistu, að við teljum að börnin læri mest í gegnum samskiptin við bæði hina fullorðnu og við hin börnin. Stór þáttur í þessu er hvernig við notum þessi samskipti.

Við þurfum að nota hverja stund og hvern stað til að örva börnin. Ef við ætlum að hafa góð samskipti við þessi litlu börn verðum við að nota virka hlustun og kunna að lesa líkamstjáningu þeirra. Til þess að vinna traust barnanna teljum við að þurfi að sýna mikla *hlýju og nærgætni* gagnvart þeim. Við þurfum að vera vakandi fyrir tækifærum sem bjóðast, nýta húsnæði skólans en festast ekki í vananum. Góð *tengsl og öryggi* eru svo mikilvæg, þá þorum við t.d. að klæða út, bara í rólegheitunum, annars staðar en í fataherberginu. Þú veist, ég meina barnahópurinn.

Svo ég fái nú aðeins að pústa þá ætla ég aðeins að tala um mannabreytingar, þessa nútíma farandverkamenn. Hérna eins og víða annarstaðar höfum við þurft að takast á við miklar mannabreytingar. Og þegar það var, þá spurðum við okkur hvernig getum við ætlast til að fólkið taki mark á að þetta sé leikskóli, þegar alltaf er nýtt fólk? Börnin þurfa "*stabil*" *stafsmannahald* og skipulag. Þau þurfa að geta myndað traust við starfsfólkið.

### Þú minntist hérna aðeins á þetta með að nýta umhverfið, hvernig á umhverfi á yngri deild að vera?

Umhverfið þarf að vera *öruggt og traustvekjandi*, að bjóða börn og foreldra velkomin. En samtímis þarf það að vera *krefjandi, hvetjandi*

og hlýlegt, þannig að öllum líði sem best. Það þarf að vera þannig að þar sé gott rými til athafna, að börnin hafi aðgang að húsgögnum í sinni hæð. Við viljum að efniviður sé opinn og aðgengilegur og svo viljum við hafa spegla, spegla og meiri spegla.

Við höfum líka verið að ræða þetta með að best sé að skipta leiksvæðinu upp í minni svæði og hafa einn starfsmann á hverju svæði. Þú veist eins og ég var að tala um áðan.

En við vorum líka að spá í þetta með að áherslan á lítil afmörkuð leiksvæði yngstu barnanna gæti stangast á við kenningar um nauðsyn mikils leikrýmis fyrir þau. Við höldum samt að ávinningurinn sé meiri.

### **Pálína stóra spurningin er, hvernig á svo að vinna á yngri deildum, hvernig ætlið þið í Vinabæ að fara að?**

Ég held að ég sé ekkert að ýkja þegar ég segi fyrst og fremst að *hlusta á börnin og virða þau*. Hlusta á barnið, hvað er það að segja okkur. Stoppa við og gefa barninu gaum, hvernig tjáir það sig, hvað bendir það á? Hvernig líður því? Hlustun er svo mikilvæg, við verðum að muna að hlusta líka á það sem ekki er sagt og óyrta tjáningu ungu barnanna.

Barnið *lærir í gegnum reynslu og skynjun*. Það þarf að byrja á trausti og tengslamyndun. Við verðum að huga að samskiptum í dagsins önn – umönnuninni. Og þessi umönnun hún verður að einkennast af hlýju, skilningi og blíðu. Að virðing sé borin fyrir einstaklingnum og þörfum hans. Við verðum að veita börnunum *frelsi*. Ekki grípa of fljótt inni. Að sjálfsögðu að gæta öryggis. En gefa þeim samt tækifæri.

Börnin læra gegnum daglegar venjur, samskipti og leikinn. Þau læra með því að rannsaka, hlusta og með því að endurtaka – prófa. Við eigum að *þora* að leyfa börnunum það.

### **Hvernig er þetta t.d. með virðinguna. Hvernig er borin virðing fyrir leik barnanna?**

Það verður að vera þannig að *ekki sé stokkið í eitthvað annað* af því það er í skipulaginu. Leikur ungra barna er oft þróaðri en við höldum og samskipti þeirra flóknari. Það kemur gjarnan vel fram í myndbandsskráningum. Já við eigum auðvitað að nota *skráningar* meira - allar tegundir. Þú veist ljósmynda, video, eftirá skráning, skriflega, allar. Allar skráningar eru góðar og hægt að koma þeim við víðar og oftar en maður heldur í fyrstu.

Það skiptir svo miklu að skapa samspil milli einstaklinga, ekki bara renna og hneppa og gefa fyrirmæli. *Lærdómstækifærin* eru alls staðar, líka í fataherberginu. Eitt af markmiðum leikskólustarfs er að gera barnið sjálfbjarga og alls staðar þarf þá að vinna í því. Börn læra alls staðar, matartímar eru líka mikilvægir. Við verðum bara að grípa tækifærin, við sem erum með yngstu börnunum.

Góð samskipti fæða af sér traust. Það þarf góða eftirtekt til að „sjá“ barnið sem ekki talar eða hefur sig lítið í frammi. *Umönnun*, allt skarast þetta við traustið og samskiptin. Umönnunin kemur alls staðar inn.

### **Pálína í fleiri en eitt skipti hefur samstarf við foreldra borið á góma, segðu mér hvað þið eruð að hugsa?**

Já við viljum að foreldrasamstarfið sé bæði gott og traust, við viljum að samskiptin séu *opin og hreinskiptin*, að þau byggi á góðu *upplýsingaflæði og skráningum*.

Við höfum verið að ræða um hvað það skiptir miklu máli að fá foreldrana með inn í starfið í leikskólanum. Bara *fá foreldra* til að koma meira *inn á deildina*. En ég kem betur að því á eftir.

Við ákváðum að mynda tengsl með myndabók. Það er mikilvægt að taka myndir fyrir bæði börn og foreldra. Börnin segja mismikið frá leikskóladeginum heima. Og svo fáum við þá líka að kynnast

heimilunum í gegn um myndirnar. Við teljum eina undirstöðu foreldrasamstafs vera *aðlögun*, þess vegna viljum við að það sé gefinn góður tími í aðlögun. Og hjá okkur er mikið lagt upp úr einstaklingsaðlögun.

### **Þú varst að tala um samskipti við foreldra!**

Já, við höfum heilmikið rætt þessi daglegu samskipti, hversu mikilvægt það er að lesa samskipti barnanna og foreldranna. Við getum lært svo mikið af þeim samskiptum. Samskipti okkar við foreldrana skipta líka miklu máli. Börn eru fljót að finna ef ekki er gott samband.

Leikskóladagurinn þarf að hefjast á *góðum móttökum*. Maður þarf að vanda móttökur og kveðjur, þú veist nota nöfn barna og foreldra, brosa og láta fólk finna að það sé velkomið í leikskólann hvern dag. Við vitum að ef börnin eru ánægð þá eru foreldrar þeirra það líka. Þeir geti farið í vinnuna, fullvissir um öryggi og vellíðan barna sinna. Það er svo mikilvægt að byggja upp gott traust á milli starfsfólks, foreldra og barns. *Góð foreldrasamvinna er undirstaða góðs leikskólastarfs.*

### **Hafa foreldrar tíma?**

Já við spáðum líka svolítið í það, en við ræddum líka um að kröfur foreldra og samfélags til leikskólans hafa aukist. En líka kröfur á foreldra almennt við vorum meira að segja að spá í hvort að kröfur á foreldra séu orðnar of miklar. Hvað um foreldra með nokkur börn á ýmsum aldri sem hafa varla tíma fyrir fjölskylduna þegar búið er að sækja alla foreldrafundina, jólaföndrið, og allt þetta sem skipulagt er í samstarfi foreldra og skóla? Er ekki eins með þetta og annað að vinnan lendir á of fáum herðum?

### **Og hvernig á að nálgast foreldra?**

Þetta hefur komið upp hjá okkur, ein segist alltaf fara í gegnum þemahringinn með foreldrum á kynningarfundum haustsins. Það hefði reynst mjög vel og aukið áhuga foreldra á hópastarfi barnanna.

Æi, þetta hvernig eigi að fá foreldra sem virka þátttakendur þegar það er rætt þá koma líka margar skoðanir. Vangaveltur eins og: *Hvað viljum við að foreldrarnir geri í leikskóla?* eru þeir alltaf jafn velkomnir og gildir það um alla starfsmenn? Hvað um þá starfsmenn sem finnst óþægilegt að hafa foreldri inni í söngstund bara til að nefna eitthvað? Er það ekki bara hluti af starfinu? Á ekki skólinn að vera opinn foreldrum og að þeir séu alltaf velkomnir? Þú veist þessar eilífu þverstæður.

### **Hvað telur þú - er leikskólinn þjónusta?**

Svo er það nú enn ein þverstæðan varðandi hvort leikskólinn sé *þjónusta* við foreldra. Við hér í Vinabæ teljum það, allavega að einhverju leiti. En stundum teygjum við okkur fulllangt til að mæta þörfum einstaklingsins, einstaka fjölskyldu. Það má ekki verða á kostnað hinna barnanna og þeirra fjölskyldna. En eins og ég sagði áðan þá eru foreldrar skynsamlegt fólk sem tekur rökum, en þau þurfa að fá að heyra þau.

### **Eitthvað að lokum Pálína**

Já við eigum að vera stolt af því að vera í leikskóla!

### **Til umhugsunar**

Í gær var hjá mér 3ja ára drengur í heimsókn (19. september 2001), við skrúppum út í garð og hann beygir sig niður að arfa sem vex í skoru á stéttinni og fer að tala um litlu blómin. Hann spyr hvað þessi litlu blóm heita og hvort hann megi borða þau. Ég segi þetta er arfi og já, hann má borða hann. Sá litli hoppar og skoppar út um allt og sönglar, „ég má borða araba, ég má borða araba, araba, araba“.

Hvernig skildi standa á því að þetta litla kríli var svona upptekið af aröbum og hversvegna orðið arabi var svona nærri huga hans? Skildi fréttatímar og umræða hafa haft þar nokkur áhrif? Kristín

## Hei mspeki saga fyrir yngstu börnin Litir í bók og í sögu

Ég var að skoða bók og á myndunum í bókinni var eplið **rautt**, sólin var **gul**, grasið var **grænt** og himininn var **blár**.

**Einmitt** þá kallaði pabbi á mig og spurði hvort ég vildi koma með honum út í búð að versla í **matinn**. “Já! ég vil fara með þér!” kallaði ég.

Í búðinni fór **ég** að skoða eplin og ég sá að þau voru ekki öll rauð. Sum voru **gul** eins og sólin og sum voru græn eins og **grasið**.

Ég hef smakkað **fullt** af eplum og mér finnst græn epli súrari en rauð epli.

Þegar við komum út úr **búðinni** horfði ég á himininn og hann var ekki blár! Hann var rauður eins og epli!

**En grasið, var grænt.**

**Spurningar**, sem hægt er að nota ef börnin spyrja ekki eða hinn fullorðni hefur engar aðrar á takteinum.

**Athugið** að spurningarnar eru ætlaðar til að hefja samræður, en ekki eins og í spurningaleiknum – „Viltu vita svarið“.

1. Eru allir hlutir einhvern veginn á litinn?
2. Er grasið alltaf grænt?
3. Er hægt að sjá allt eplið í bók, bæði ofaná og undir?
4. Sýna bækur okkur alltaf hlutina eins og þeir eru?
5. Hvað annað, en græn epli, er súrt á bragðið?
6. Hvað annað, en rauð epli, er sætt á bragðið?
7. Kemur hljóð frá himninum?
8. Kemur hljóð frá sjónum?
9. Kemur hljóð frá eplum?

Guðrún Alda Harðardóttir



# Lengi býr að fyrstu gerð Óskaleikskólinn

Sólrún Eyfjörð og Sveinbjörg Eyfjörð Torfadætur eru  
leikskólakennarar á Akureyri

Greinin er byggð á völdum kafla úr B.Ed ritgerð, sem fjallar um „óskaleikskóla“ fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára, þar sem lögð er áhersla á vinnubrögð sem tengjast mikilvægi myndun geðtengsla, er skipulagður og hvers konar vinnubrögð og dagsskipulag er líklegast til að vera þar.

Þann 9. júní síðastliðinn brautskráðumst við systurnar frá Háskólanum á Akureyri með B.Ed. próf í leikskólafræðum. Lokaritgerð okkar ber nafnið *Lengi býr að fyrstu gerð* og fjallar um mikilvægi geðtengslamyndunar fyrir þroska barnsins. Þar settum við fram tvær rannsóknarspurningar: Hvers vegna eru geðtengsl mikilvæg fyrir heilbrigðan þroska barna? Byggjast vinnubrögð leikskólakennara, sem hafa reynslu af vinnu með börnum á aldrinum eins til þriggja ára í leikskólum, á þekkingu á kenningu um geðtengsl? Í ljósi kenninga leituðumst síðan við að setja fram líkan af leikskóla þar sem geðtengslakenningar eru í forgrunni.

## Yngstu börnin í leikskólum

Hér er ætlunin að gera grein fyrir nokkrum undirstöðuþáttum sem þurfa að vera til staðar í leikskólum þar sem börn á aldrinum eins til þriggja ára dvelja. Gengið er út frá grunnhugmyndum geðtengslakenningarinnar sem felst í því að fyrstu árin eru kjörtími geðtengslamyndunnar. Það er mikilvægt að fyrsta reynsla barnsins af leikskólanum sé jákvæð því þar er lagður grunnur að því hvernig barninu kemur til með að líða og upplifa dvöl sína í leikskólanum. Fjallað verður um nokkur mikilvæg atriði er varða leikskóladvöl,

lykilpersónu (keyperson), aðlögun, umhverfi og dagskipulag yngstu barna og þessi hugtök skýrð.

## Samfélagsleg þörf fyrir leikskóla

Samfélög nútímans taka sífelldum breytingum og sennilega er hraði breytinganna mest einkennandi fyrir þau, það sem er nýtt í dag er orðið úrelt á morgun. Barn sem elst upp í nútímasamfélagi býr við öra og mikla samfélagsþróun. Sjaldan hefur framtíðin verið jafn óþekkt og óráðin og einmitt nú.<sup>2</sup> Þessar breytingar hafa meðal annars haft í för með sér meiri atvinnuþátttöku kvenna. Flest börn verja því drjúgum hluta dagsins hjá svokölluðum dagmæðrum eða í leikskólum.<sup>3</sup> Í ljósi þessa má telja að þrátt fyrir að foreldrar beri ætíð frumábyrgð á uppeldi barna sinna er leikskólinn viðbót við það uppeldi sem þau fá á heimilum sínum.<sup>4</sup>

Því er ekki að undra að spurningar vakni um það hvort leikskóladvöl sé barninu æskileg og hvort hún geti haft neikvæð áhrif á geðtengslamyndun á milli þess og foreldranna?<sup>5</sup> Margar rannsóknir hafa beinst að samanburði á börnum sem dvelja í leikskólum og börnum sem eru allan daginn heima hjá sér. Þær rannsóknir hafa nær einróma bent til þess að það eru gæði umönnunarinnar sem börnin fá sem skipta máli og að þau gæði mælast á sömu stiku og umönnun foreldranna. Börnum sem dvelja í góðum leikskólum verður ekki meint af. Rannsóknir hafa þvert á móti stutt að leikskólabörn eru sterkari á sviði vitsmuna- og félagsþroska og eru betur máli farin en hin sem eingöngu alast upp heima.<sup>6</sup> Jafnframt hefur komið í ljós að börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður geta haft mikið gagn af leikskóladvöl meðal annars vegna þess að þá örvast þroski þeirra og

<sup>2</sup> Leikskólastefna FÍL 2000:21

<sup>3</sup> Goldschmied og Jackson 1994:1

<sup>4</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:7

<sup>5</sup> Gordon og Williams-Browne 1996:123

<sup>6</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:23

þeim gefst tækifæri til að komast í nán tengsl sem þau geta jafnvel ekki skapað innan fjölskyldu sinnar.<sup>7</sup>

Breyttir samfélagshættir og aukin vitneskja um þroska barna hafa haft mikil áhrif á hugmyndir manna um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólakennara. Þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til starfs þeirra eru stöðugt að verða meiri og flóknari, einkum vegna þess að flestir þeir sem vinna með börnum vita að heilbrigður þroski byggist á því að litið sé á alla þroskaþætti sem jafn mikilvæga.<sup>8</sup> Hlutverk leikskóla í samfélaginu er mikilvægt og ábyrgð leikskólakennaranna sem þar starfa er mikil, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að leikskólabarn er á einu mesta mótunarskeiði ævinnar.<sup>9</sup>

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út námskrá fyrir leikskóla sem er leiðarvísir fyrir alla þá sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra.<sup>10</sup> Má telja að slík námskrá sé krefjandi starfi til stuðnings.

Mikill meirihluti barna dvelur í leikskólum og ver þar drjúgum tíma með öðrum en foreldrum sínum. Því er mikilvægt að vanda til þess starfs sem þar fer fram og leggja áherslu á geðtengslamyndun til þess að barnið finni til öryggis og vellíðunar á meðan það dvelur þar. Þegar barnið finnur til öryggis á það auðveldara með að tileinka sér þekkingu og lærdóm sem mikilvægt er fyrir heilbrigðan þroska þess.

### **Lykilpersóna**

Í leikskóla þar sem börn á aldrinum eins til þriggja ára dvelja er mikilvægt að hlúa að daglegum venjum þeirra og veita þeim hlýju

<sup>7</sup> Bee 1997: 399

<sup>8</sup> Leikskólastefna FÍL 2000:35; Goldschmied og Jackson 1994:5

<sup>9</sup> Goldschmied og Jackson 1994:5

<sup>10</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:5

og öryggi. Til að barn upplifi sig öruggt í leikskólanum er mikilvægt að einn leikskólakennari annist það að mestu. Þessi leikskólakennari er oft nefndur lykilpersóna og er ætlunin að fjalla lítillega um hlutverk hennar.

Telja má að hægt sé að dæma samfélag af viðhorfum þess til yngstu þjóðfélagsþegnanna. Þá er ekki einungis átt við hvernig umfjöllun þeir fá, heldur viðhorf sem þeim eru auðsýnd í gegnum uppeldið af hálfu samfélagsins sem þeir búa í.<sup>11</sup>

Þrátt fyrir að geðtengslakeningin hafi sætt nokkurri gagnrýni telja ýmsir fræðimenn að taka beri tillit til hennar í leikskólum, sérstaklega þar sem ung börn dvelja. Michael Rutter sagði til dæmis að leikskólanum bæri að sjá til þess að barnið hafi tækifæri til að mynda sterkt, tilfinningalegt samband við einn leikskólakennara sem gegnir þá hlutverki staðgengils foreldris eða foreldra.<sup>12</sup> Fræðimenn hafa haldið því fram að til að valda ekki barninu tilfinningalegu uppnámi, sem geti staðið í vegi fyrir því að það myndi tilfinningalegt samband, þurfi mikill stöðugleiki að ríkja í skipan starfsmanna leikskólans sem þýðir að breytingar meðal starfsfólks mega ekki vera of miklar eða tíðar.<sup>13</sup>

Í umfjöllun sinni um ung börn hafa Goldschmied og Jackson notað geðtengslakeninguna sem grunn. Þær telja að þegar barnið byrjar í leikskóla verði að koma á sérstöku sambandi milli barnsins, fjölskyldu þess og þriðja aðila sem þær kjósa að kalla lykilpersónu.<sup>14</sup> Þær hafa einkum lagt áherslu á þetta vegna þess að rannsóknir sem gerðar hafa verið í leikskólum sýna að yfir daginn er ekki óalgengt að margir einstaklingar annist eitt barn. Ennfremur hafa rannsóknir

<sup>11</sup> Goldschmied og Jackson 1994:1

<sup>12</sup> Goldschmied og Jackson 1994:10-11

<sup>13</sup> Rice 2001:194

<sup>14</sup> Goldschmied og Jackson 1994:10

sýnt að barnið fær sjaldan að njóta þess að eiga eitt, óskipta athygli þeirra sem annast það.<sup>15</sup>

Fullorðið fólk kys flest að vera í sérstöku sambandi við ákveðna manneskju sem það getur treyst. Það leitar fljótlega allra leiða til að komast í nálægð hennar við aðskilnað til þess að halda í þær þægilegu tilfinningar sem nálægðin skapar. Ef fullorðið fólk lítur til baka minnst eflaust flestir þess að hafa átt slíkan að til að leita til á uppvaxtarárunum. Hjá barninu eru það yfirleitt foreldrarnir sem gegna þessu sérstaka hlutverki en þar sem það dvelur auk þess mikinn hluta dagsins í leikskóla er ekki síður mikilvægt að það finni að þar eigi það ákveðinn aðila að leita til. Þetta er einkum mikilvægt vegna þess að eini einstaklingurinn í leikskólanum sem getur ekki fullkomlega skilið af hverju hann er þar, er sjálf barnið. Það skynjar einungis aðskilnaðinn frá foreldrum sínum og upplifir oft mikinn kvíða. Hægt er að vinna með kvíða þess ef í leikskólanum er aðili sem barnið treystir og hjálpar því á jákvæðan og hlýjan hátt. Hlutverk leikskólakennarans er að haga starfseminni þannig að þessu sérstaka sambandi barnsins og lykilpersónunnar sé komið á um leið og barnið hefur leikskóladvöl.<sup>16</sup>

Mörg veigamikil rök hníga að því að koma á nánnum tengslum á milli barnsins og lykilpersónunnar. Rannsóknir hafa til dæmis bent til þess að það komi ekki einungis barninu sjálfu til góða heldur einnig foreldrum og leikskólakennurum. Lítið barn í leikskóla þarf sérstaklega á nánun og innihaldsríku sambandi við einn ákveðinn aðila að halda, einkum vegna þess að það lætur tilfinningar sínar gjarnan í ljós með snertingu og er oft ekki fært um að tjá upplifanir sínar fullkomlega með orðum. Lykilpersónan er með barninu hvern einasta dag þó ekki alltaf allan daginn og það deilir henni með öðrum börnum. Þannig lærir lykilpersónan að þekkja barnið og þau merki sem það tjáir sig með líkamlega eða með öðrum hætti.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> Goldschmied og Jackson 1994:35

<sup>16</sup> Goldschmied og Jackson 1994:37

<sup>17</sup> Goldschmied og Jackson 1994:37

Rannsóknir hafa sýnt fram á að foreldrum þykir auðveldara að tjá sig um barnið sitt við eina ákveðna manneskju sem hefur sérstaklega með það að gera heldur en marga aðila. Lykilpersónan getur reglulega tekið frá ákveðinn tíma til að deila með foreldrunum þar sem spjallað er um barnið á opinn og heiðarlegan hátt, sem er því alltaf til góða.<sup>18</sup> Rannsóknir hafa einnig sýnt að í leikskólum þar sem áhersla er lögð á lykilpersónu hefur fjarvera leikskólakennara minnkað til muna og ástæðan er einkum sú að þeim finnst afar mikilvægt að vera til staðar fyrir þau börn sem þeir eru lykilpersóna fyrir.<sup>19</sup>

Það er mikilvægt að lítið barn geti upplifað nánd í leikskólanum sínum þar sem ein manneskja er meira með því en önnur og er þar með lykilpersónan þess. Þetta veitir barninu öryggi til að takast á við nýjar aðstæður og því aukast tækifærin til náms til muna sem er barninu enn frekar til góða. Jafnframt leiðir þetta til þess að foreldrar eru öruggari og fara þá væntanlega út í vinnudaginn með bros á vör. Til langs tíma er þetta því mjög mikilvægt ekki bara fyrir foreldra barna og leikskólann heldur og samfélagið, því þessi foreldrar eru væntanlega afslappaðir og þá betri starfsmenn. Undirstaða góðra samskipta leikskólans við fjölskyldu leikskólabarna er gjarnan lagt í aðlöguninni og því er ekki úr vegi að gera aðeins grein fyrir henni.

### Aðlögun

Hvernig ber svo að haga aðlögun yngstu barnanna með tilliti til lykilpersónu, og kenninga um geðtengslamyndun?

Aðlögun er ferli sem á að auðvelda bæði barninu og foreldrum þess að kynnast hinu nýja umhverfi og öðlast öryggi í því, en það getur verið erfitt fyrir alla aðila.<sup>20</sup> Það er því mikilvægt að gagnkvæmt

<sup>18</sup> Goldschmied og Jackson 1994:50

<sup>19</sup> Goldschmied og Jackson 1994:43

<sup>20</sup> Niss 1988:9

traust myndist á milli heimilis og leikskóla og gott samstarf ríki þar á milli. Því barnið skynjar hvernig fólkinu í kringum það líður og öryggi þess veltur á því.<sup>21</sup>

Markmiðið með aðlögun er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi er aðlögunin mikilvæg til þess að barnið fái strax jákvæða reynslu af leikskólanum og í öðru lagi er hún mikilvæg til að byggja brú á milli heimilis og leikskóla, sem á að vera til staðar allan þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Því er mikilvægt að upplifun barnsins af leikskólanum fyrstu dagana sé góð og það læri að treysta leikskólakennaranum og geti leitað til hans þegar það hefur þörf fyrir.<sup>22</sup> Lykilpersónan byrjar strax að gegna hlutverki sínu áður en barnið byrjar í leikskólanum og er sú manneskja sem ber ábyrgð á aðlögunarferlinu.<sup>23</sup> Fyrir yngstu börnin er einstaklingsaðlögun nauðsynleg, það skapast náíð samband milli lykilpersónunnar og barnsins, tengsl myndast og það öðlast öryggi. Jafnframt er mikilvægt fyrir barnið að þurfa ekki samtímis að kynnast mörgum aðilum.<sup>24</sup>

Bowlby lagði áherslu á geðtengsl milli barnsins og fullorðins, en til þess að þau myndist verður lykilpersónan að vera næm fyrir þörfum barnsins og taka sérstaklega eftir og svara þeim merkjum sem það tjáir.

Lykilpersónan tryggir að barnið finni til öryggis og upplifi nýju aðstæðurnar ekki sem ógnun.<sup>25</sup> Í rólegheitum gefur hún barninu færi á að kynnast sjálfri sér með því að spjalla við það og sýna því nýja umhverfið. Þegar líða tekur á aðlögunarferlið yfirgefa foreldrarir leikskólann, í stuttan tíma sem þó lengist eftir því sem barnið finnur til meira öryggis. Á þennan hátt ætti að vera hægt að tryggja öryggi

<sup>21</sup> Niss 1988:29

<sup>22</sup> Niss 1988:10-11

<sup>23</sup> Goldschmied og Jackson 1994:45

<sup>24</sup> Niss 1988:69

<sup>25</sup> Niss 1988:10

og vellíðan barnsins í leikskólanum. Þegar aðlögunarferlinu er lokið og barnið er tilbúið að dvelja í leikskólanum án foreldra sinna er mikilvægt að lykilpersónan taki á móti barninu á morgnana svo því finnist það velkomið. Hvernig tekið er á móti barninu getur haft áhrif á líðan þess allan daginn.<sup>26</sup> Auk þess er mikilvægt að á morgnana kveðji barnið foreldra sína svo því finnist það ekki vera yfirgefið og upplifi aðskilnaðinn án fyrirvara.<sup>27</sup>

Standa þarf vel að aðlögun, sérstaklega þegar yngstu börnin byrja í leikskóla vegna þess að þá er lagður grunnurinn að líðan þeirra þar. Vert er að hafa ýmis önnur atriði er varða leikskólann í huga eins og til dæmis hvernig umhverfið er skipulagt og er ætlunin að fjalla um það hér á eftir.

### Umhverfi

Vegna þess hversu löngum tíma börn og leikskólakennarar verja daglega í leikskólanum er mikilvægt að skapa umhverfi sem er þægilegt, heillandi, örvandi og stuðlar að vellíðan.<sup>28</sup> Leikskólakennarar gegna lykilhlutverki í því að skapa og þróa umhverfi leikskólans. Herbergi er aðeins herbergi og leikvöllur aðeins leikvöllur, þar til leikskólakennarinn hefur breytt umhverfinu í það að vera örvandi fyrir börnin.<sup>29</sup>

Margt er vert að hafa í huga þegar umhverfi leikskólans er hannað. Umhverfið hefur áhrif á hegðan barnanna og allt sem þau hafa fyrir stafni, svo sem leik, uppgötvun og úrlausn ýmissa vandamála. Umhverfið þarf því að taka mið af alhliðáþroska barnanna, vera barnvænt, ýta undir lærdóm, vera öruggt, áhugahvetjandi og örvandi og síðast en ekki síst að taka tillit til hugmyndafræðinnar sem leikskólastarfið grundvallast á. Auk þess þarf það að ýta undir

<sup>26</sup> Goldschmied og Jackson 1994:46; *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:18

<sup>27</sup> Goldschmied og Jackson 1994:47

<sup>28</sup> Goldschmied og Jackson 1994:33

<sup>29</sup> Gordon og Williams- Browne 1996:255

sjálfbjargarviðleitni og gefa börnunum færi á því að vera ein með sjálfu sér eða í hóp með öðrum.<sup>30</sup>

Í leikskólum þar sem yngstu börnin dvelja er afar mikilvægt að umhverfið sé rúmgott svo þau eigi auðvelt með að hreyfa sig. Líka er æskilegt að gólfefnið sé hlýlegt, þar sem börnin eru stóran hluta dagsins á gólfinu við að kanna umhverfi sitt.<sup>31</sup> Húsgögnin þurfa að vera í hæð þeirra því það, meira en annað, eykur sjálfbjargarviðleitni þeirra. Mikilvægt er að borð og stólar séu lág svo þau geti flutt þau til ef þau þurfa, auk þess eiga vaskar og salerni eiga að vera í hæð barnanna svo þau geti hjálpað sér sjálf.<sup>32</sup> Öll leikföng og efniviður sem þau nota í ýmsum tilgangi á að vera í lágum opnum hillum þar sem þetta er sýnilegt og þannig að þau geta sótt sér sjálf það sem þau þurfa að nota.<sup>33</sup>

Það að skapa gott uppeldisumhverfi í leikskóla krefst hvorki hárra peningaupphæða né nýrra bygginga og það er heldur ekki skapað á einum degi heldur er það starf sem þarf að vinna stöðugt.<sup>34</sup> Umhverfið hefur mikil áhrif á það hvernig börnunum líður í leikskólanum því þar er lifað, unnið og leikið.<sup>35</sup>

### Dagskipulag

Dagskipulag er það mót sem starf leikskólans er byggt utan um en dagskipulag í leikskóla þar sem yngstu börnin dvelja þarf að skoða vel. Ástæðan fyrir því er sú að leikskólauppeldi yngstu barnanna fer mest fram í gegnum hinar daglegu umönnunarvenjur þar sem lögð er áhersla á geðtengsl, en þau eru undirstaða öryggi og vellíðan.

<sup>30</sup> Gordon og Williams- Browne 1996:253-254

<sup>31</sup> Goldschmied og Jackson 1994:24-25

<sup>32</sup> Ágústa Stefánsdóttir 1991:17

<sup>33</sup> Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:36

<sup>34</sup> Goldschmied og Jackson 1994:17; Gordon og Williams- Browne 1996:289

<sup>35</sup> Goldschmied og Jackson 1994:18

Allt það daglega líf sem fer fram innan leikskólans markast af föstum afhöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra. Börnin matast, þvo sér og hvílast á ákveðnum tímum og því þarf að sníða dagskipulagið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Það þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta í skipulagi leikskólastarfsins eins og til dæmis frjálsra og skipulagðra leikja, inni- og útileikja, félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna, hvíldar og þátttöku í leik og starfi svo eitthvað sé nefnt. Það skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja samfelldan og hæfilegan tíma til leikja og skapandi starfs.<sup>36</sup>

Nokkur atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar dagskipulag er útfært fyrir yngstu börnin. Flest börn öðlast öryggi ef dagskipulagið er stöðugt og umhverfið er fyrirsjáanlegt, umhverfi þar sem börnum er gefinn kostur á að uppgötva og læra á eigin forsendum. Börnin þurfa tækifæri til að mynda náð og stöðugt samband við lykilpersónu en slíkt samband myndast best í gegnum athafnir þar sem þeim og lykilpersónunni er gefið tækifæri til samveru.<sup>37</sup> Sá tími er til að mynda stutt stund áður en börnin matast. Lykilpersónan og lítill hópur barna, sem tilheyra henni safnast þá saman á ákveðnum stað og verja saman góðri stund sem byggist á að vilji barnanna er hafður í fyrirrúmi. Sérstök áhersla er lögð á þessa stund því börnunum gefast annars ekki mörg tækifæri yfir daginn til fullrar athygli eins leikskólakennara.<sup>38</sup>

Í dagskipulagi ætlað yngstu börnunum er einnig mikilvægt að gefa þeim tækifæri á námi á eigin forsendum. Þetta er mikilvægt vegna þess að alltof oft vilja hinir fullorðnu grípa fram fyrir hendurnar á börnunum og gleyma að gefa þeim tækifæri til að svala forvitni sinni og læra af reynslunni. Ákveðið jafnvægi þarf að ríkja á milli þeirrar

<sup>36</sup> *Aðalnámskrá leikskóla* 1999:17

<sup>37</sup> Gerber 1981:79

<sup>38</sup> Goldschmied og Jackson 1994:41

örvunar sem kemur frá leikskólakennaranum og sjálfbjargarviðleitni barnanna. Taka þarf tillit til þeirra eigin getu og vilja, því þannig læra þau mest.<sup>39</sup> Drjúgur tími fer í hinar daglegu venjur og umönnun er því mikill hluti af starfi leikskólans. Það er nauðsynlegt að nýta þann tíma í að þróa hið nána samband milli barns og lykilpersónu í gegnum sjálfsprottinn leik og með samskiptum sem fara fram á forsendum barnsins.<sup>40</sup>

Leikskólinn sér börnunum fyrir rými, hlutum, ástúð og innileika, þau kanna rýmið, handleika hlutina og mynda traust og náð samband við lykilpersónu sína. Allt starf leikskólans byggist á því að mynda náð tilfinningalegt samband við börnin því þannig öðlast þau traust og öryggi.<sup>41</sup>

#### Heimildir:

- Aðalnámskrá leikkóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.  
 Ágústa Stefánsdóttir. 1991. Montessorri aðferðin. *Fóstra*. 24,1 17-18.  
 Bee, Helen. 1997. *The Developing Child*. Eight edition. New York. Addison Wesley Educational Publishing.  
 Gerber Magda. What is appropriate curriculum for infants and toddlers? *Infants, their social environment*. (ritstj. Bernice Weissbourd og Judith Musick), Washington, NAEYC.  
 Goldschmied, Elinor og Jackson, Sonia. 1994. *People under three. Young Children in Day Care*. London, Routledge.  
 Gordon, Ann M. og Williams-Browne Kathryn. 1996. *Beginnings & Beyond*. Fourth edition. New York, Delmar Publishers.  
 Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1995. *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*. Reykjavík, Mál og menning.  
 Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. Þroski barna og unglunga. *Sálfræðibókin*. (Ritstj. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári), bls.15-62. Reykjavík, Mál og menning.  
 Leikskólafélag FÍL. 2000. Reykjavík, Félag íslenskra leikskólakennara.  
 Niss, Gunilla. 1988. *At börja í förskolan*. Helsingborg, Schmidts Boktryckeri AB.  
 Rice, Philip F. 2001. *Human Development. A Life-Span Approach*. Fourth edition. New Jersey, Prentice Hall.

<sup>39</sup> Gerber 1981:79-80

<sup>40</sup> Goldschmied og Jackson 1994:110

<sup>41</sup> Gerber 1981:85

# Ég hef þá sýn

Lovísa Hallgrímsdóttir, leikskólastjóri í Mosfellsbæ

Í greininni fjallar Lovísa um það sem hún telur skipta máli í leikskólanum, í umhverfi og í aðstæðum, sérstaklega í ljósi síðustu breytinga á reglugerð.

Ég hef þá sýn að:

- ~ Hvert barn er mikilhæft og með fjölbætta hæfileika sem mikilvægt er að virkja.
- ~ Okkur ber að skapa hverju barni fyrir sig og barnahópnum í heild þær kringumstæður sem gott er að dafna í.
- ~ Okkur ber að virða hvern einstakling og þarfir hans og gera allt sem hægt er til að hlúa að þeim vaxtasprotum sem í einstaklingnum býr svo hann m.a. öðlist tiltrú á sjálfan sig.

Til þess þarf tilfinningalega styðjandi umhverfi í fjölskyldu barnsins og í skólaumhverfinu, bæði í leik- og grunnskóla. Í því fellst að fullorðnir í umhverfi barna taki þátt í gleði og sorg, í sigrum sem ósigrum, í ótta og óöryggi, í einsemd, í áræði og svo mætti lengi telja.

Umhverfið í leikskólanum þarf að vera hlýtt og heimilislegt, leik- og kennslurými þarf að vera rífllegt svo pláss sé fyrir leik barnanna og að raunverulegt uppgötvunarnám geti átt sér stað. Að við sem höfum uppeldi og menntun barna að atvinnu okkar höfum þekkingu á þroska, þróun og þörfum barna og ekki hvað síst að við kunnum að gleðjast og sýna öðrum manneskjum kærleika og virðingu.

Ég hef þá sýn að öll börn hafi óendanlega möguleika til þroska þó leiðirnar séu einstaklingsbundnar og þarfirnar mismunandi en þeim þarf að mæta af virðingu og natni í barnvænu styðjandi umhverfi.

Við þurfum að spyrja okkur grundvalla spurninga um það sem við teljum mikilvægt í lífi og umhverfi barnanna okkar.

- ~ Hvernig ræktar barnið með sér rósemd, bjartsýni, aga og sjálfsvirðingu?
- ~ Hvernig öðlast börn sterka og skapandi sjálfsmynd?
- ~ Hvernig uppeldi og menntun viljum við?
- ~ Hvernig samfélag viljum við búa börnunum okkar og um leið okkur öllum?

Rannsóknir fræðimanna hafa m.a. leitt í ljós að gott gengi í námi sé að miklu leiti háð tilfinningalegri færni einstaklinganna, færni sem hefst í frumbersku og er að mótast fram eftir aldri. Bent hefur verið á að leikskólalaldurinn sé þar afar mikilvægur og það nám sem þar á sér stað sé mikilvæg undirstaða undir formlegra nám síðar meir.

En hvernig förum við að þessu á sama tíma og fjölgað er á leikskóladeildum og gengið á leikrými barnanna?

Fyrir mig segi ég bara að þetta hefur gengið of langt, alla vega er það svo í mínum skóla.

Hvernig ætli standi á því að umræðan snýst um það þrengja að börnunum á yngsta skólastiginu? Hópnum sem lærir í gegnum leik og þarf til þess gott rými? Mér vitanlega er þessi umræða ekki í gangi innan grunnskólans en þekki ég ekki dæmi þess að fjölgað sé í bekk þó t.d. sé byggt íþróttahús við skólann eða ný sundlaug. Það vita allir að þangað sækja börnin leiksfimitíma eða sundtíma en eru þar ekki allan daginn.

Í leikskólanum er það þannig (a.m.k. sumstaðar) að fjölgað er á deildum ef leikfímisalur er til staðar eða annað samnotarými til sérstakra þarfa s.s. listaskáli eða sérkennsluherbergi. Það er ekki fjölgað í bekkjum í grunnskóla ef um er að ræða, smíðastofur,

matreiðslustofur, raungreinastofur, sérkennslustofur, eða handavinnustofur.

Getur verið að við sem stétt höfum haft frumkvæði að þessari hugsun?

Nýleg breyting á reglugerð varðandi barngildi þar sem 5 ára börn teljast nú 0.8 barngildi getur þýtt *fjölgun* barna á deild og þá sérstaklega á aldurshreinum deildum eða hlutfallslega *minnkun stöðugilda*.

Leikskólarnir þurfa að huga vel að því fyrir hvað þeir vilja standa í þessum efnunum.

- ~ Hversu barnmargar deildir viljum við sjá í framtíðinni og hvað teljum við hollt og gott fyrir leikskólabörnin?
- ~ Hverjir eiga að standa vörð um hagsmuni leikskólabarna ef ekki við sem stétt – og höfum við gert það?

Það er mín skoðun að setja verði hámark við fjölda barna samtímis á deild og að ekki eigi að telja **samnotarými til leikrýmis** deilda.

Ég er líka þeirrar skoðunar að aðbúnaður, uppeldi og menntun barna varði heill og hamingju okkar allra, því glaður, frjór og skapandi einstaklingur stuðlar að heilnæmu mannlífi og framförum í framtíðinni.

Börn eru auður jarðar.



### Akureyrarkirkja

Verkefni elstu barna á leikskólanum  
Íðavelli 1999-2000

#### Kristlaug Svavarsdóttir leikskólastjóri Íðavallar, Akureyri

Sumarið 1999 fengu öll 4-5 ára börn í leikskólum Akureyrar það verkefni að taka ljósmyndir af bænum. Þetta sumar fóru 17 börn af leikskólanum Íðavelli um bæinn og ljósmynduðu það sem þeim þótti merkilegt.

Þetta var í raun upphafið að kirkjuverkefninu. Þegar myndir barnanna eru skoðaðar sést Akureyrarkirkja á 19 myndum, 9 voru teknar frá kirkjunni og 3 af öðrum kirkjum.

Í september hófst hópstarf hjá öllum börnum í leikskólanum og ákveðið var að Lísu og Greta kenndu börnunum 17 sem nú voru orðin elst í leikskólanum. Fyrir á árinu höfðu farið fram þó nokkrar umræður um aðferðir í anda Reggio Emilia og leist mörgum vel á þær aðferðir, þ.e. hafa þær til hliðsjónar í starfinu. Lísu og Greta

ákváðu að reyna þessar aðferðir í hópstarfinu en fara rólega af stað. Þær settu sér nokkrar vinnureglur.

- ~ Láta börnin ráða ferðinni.
- ~ Ýta undir sjálfstæði þeirra.
- ~ Hvetja þau til að staldra við og SJÁ það sem í kringum þau er.
- ~ Halda okkur til hlés.

Og svo var haldið af stað.....

Fyrst buðu þær börnunum að velja hvert yrði farið í gönguferð. Þau voru öll sammála um að fara upp að Akureyrarkirkju og þangað var haldið. Þegar upp að kirkjunni var komið voru börnin beðin að skoða hana vel og hugsa um það sem þau sáu.

-Hvað vildu þau vita um þessa kirkju? Og ekki stóð á viðbrögðum, börnin spurðu um aldur, byggingartíma, prestana og fleira og fleira. Lísu og Greta spurðu börnin hvar þau héldu að við gætum fengið svör og börnin sögðu:

- ~ Á bókasafninu
- ~ Á minjasafninu
- ~ Hjá kirkjufólkinu

Börnin völdu að tala við kirkjufólkið og í safnaðarheimilinu fann hópurinn Svein kirkjuvörð og hann bauð börnunum í kirkjuna. Börnin spurðu hann spjörunum úr og hann svaraði þeim greiðlega. Á meðan hópurinn dvaldi í kirkjunni æfði organistinn sig og börnin hlustuðu agndofa á tónlist "sem lætur mann hlæja".



*Börnin að teikna. Sveinn og Greta horfa á.*



Þegar heim var komið skráðu börnin og kennarar þeirra ferðasöguna.

Á miðvikudaginn 29. september fórum við í gönguferð, við töldum kirkjutröppurnar, þær eru 108. Við spurðum kirkjuvörðinn -hann heitir Sveinn, spurninga. Í kirkjunni vinnur líka prestur, 2 prestar og svo hittum við oragnistann, hann spilar á hljóðfærin. Okkur leið vel þegar hann spilaði, við fórum að hlæja. Sveinn sagði okkar að kirkjan væri 59 ára þá var hún byggð dríð 1940. Hún verður 60 ára á næsta dri. Menirnir voru 2 dr að byggja hana, það eru meira en 700 dagar. 1. presturinn sem vann í nýju kirkjunni hét Friðrik Rafnar hann er dæinn. Guðjón teiknaði kirkjuna og Björgvin smíðaði orgelið sem er niðri í kirkjunni. það er 1. pípuorgellið sem smíðað er á Íslandi. Við sáum gluggana, þar voru myndir af Jesú og svo sáum við misagildru þvi að ekki í gær heldur hunn. -í fyrradag, slapp mús inn í kirkjuna.

Bjarni	Reimar Ingi
Björgvin Freyr	Hildur María
Lena Björg	Álfheiður
Lúkas Fróði	Kristinn Rey
Baldvin	Laufey Elma
Sædis	Sigríður
Greta	Lísa

Og vikunar á eftir teiknuðu börnin Akureyrarkirkju frá ýmsum sjónarhornum



Og fóru nokkrar ferðir til að skoða kirkjuna bæði úti og inni.

Þau fengu góða aðstoð í kirkjunni og prestarnir og kirkjuvörðurinn komu í heimsókn í leikskólann. Börnin voru mest upptekin af hurðunum í kirkjunni og orgelunum tveimur.

Börnin skoðuðu allar kirkjurnar í bænum og fóru og skoðuðu ótal aðra staði, m.a. Listasafnið, Háskólann á Akureyri og Ferðamálaráð. Einnig heimsóttu þau bæjarstjórnann á Akureyri.



Hiá hæjarstíóra



Á listasafninu

En alltaf komu börnin aftur að Akureyrarkirkju. Þau byggðu hana úr kubbum, teiknuðu hana og máluðu.

Þau báru kirkjuna saman við skip og fundu út að eina sem væri ólíkt væri kyrrðin í kirkjunni og svo væri hún föst á sama stað. Börnin skoðuðu teikningar af kirkjunni og teikningar af leikskólanum og útbjuggu sínar eigin. Einnig bjuggu þau til líkan af kirkjunni.



Þau skemmtu sér konunglega og það gerðu kennarar þeirra, Lísu og Greta einnig. Eitt hliðarverkefnið sem varð til þennan vetur var ferðamannabæklingur sem allur hópurinn, bæði börn og fullorðnir, var stoltur af. Stoltastir voru þó kennararnir af börnunum 17 sem höfðu kennt þeim að verða betri kennarar.

Verkefnið hér að framan var unnið veturinn 1999-2000. Þann vetur byrjuðu leikskólakennarar við leikskólann Iðavöll að kynna sér aðferðafræði sem kennd er við Reggio Emilia á Ítalíu. Veturinn 2000-2001 hélt sú vinna síðan áfram. Haldnir voru fyrirlestrar fyrir starfsfólk og efnisöflun fór einnig fram þann vetur. Leshópar fóru aðeins af stað og ýmis vinna tengd því.

Þess verður að geta að í maí 2000 flutti leikskólinn búferlum, þar sem húsnæði skólans var orðið lasið og lúíð. Gamla húsið var rifíð og nýtt reist á sama stað við Gránufélagsgötu Akureyri. Meðan á byggingu stóð hafði leikskólinn samastað í Glerárkirkju, við hlið leikskólans Krógabóls. Í mars 2001 flutti leikskólinn inn í nýtt hús og stækkaði við það úr einni deild í fjórar. Starfsmannafjöldi fór úr 9 í 34 og barnafjöldi úr 37 í 118. Mikið af tíma og orku hefur farið í flutninga og aðlögun, bæði fullorðinna og barna.

En mikill áhugi ríkir meðal leikskólakennara Iðavallar á aðferðafræði Reggio og er vinna tengd því að fara af stað aftur nú á haustdögum. Við látum heyra frá okkur aftur seinna hvernig sú vinna þróast. Að lokum köstum við boltanum áfram og skorum á leikskólann **Krummafót á Grenivík** að segja frá sínu starfi í næsta fréttabréfi.

Með kveðju

Fyrir hönd starfsfólksins á Iðavelli,

Iðavöllur hefur eigin heimasíðu sem er afar áhugaverð með upplýsingum um starf og sögu leikskólans sem og fjölda mynda úr starfinu.

<http://www.idavollur.akureyri.is/>

## Rannsóknareðli listarinnar

Erindi flutt á ráðstefnunni Fjárjóður til framtíðar í Borgarleikhúsinu 6. okt. 2001  
Eftir Örn G. Valsdóttur, Myndlistarmann og lektor á leikskólakennarabraut H.A.<sup>42</sup>.

Í erindi þessu fjallar Arna um meðfædda fróðleiksfýsn mannsins og eðlislæga hæfni til skapandi hugsunar og starfa. Hún segir að læra í gegn um listir feli í sér að virkja meðfædda forvitni og þörf hvers og eins til þess að nema og finna lausnir.

Íslensk orðabók skiptir orðinu eða hugtakinu „list“ í þrjá þætti: Sá fyrsti fjallar um listina sem: „þá íþrótt að búa til eitthvað fallegt eða eftirsóknarvert“.

Annar þátturinn fjallar um listina sem sérhæfileika og sá þriðji fjallar um listina sem námsgrein eða kennigrein „hinar sjö frjálsu listir“ miðaldaháskólans, „Septem artes liberales“.

Í umræðu um list er sjónum iðulega beint að fyrstu tveim liðum þessara útskýringa, þ.e. að sýnilegu birtingarformi listarinnar. Listin á sér mörg andlit og margvísleg birtingarform og vissulega eru þeir þættir listarinnar sem lýst er í fyrri tveim þáttunum mikilsverðir en lýsa þó í raun eingöngu litlu broti af því sem í henni felst. Það er eðli listarinnar sem mér finnst mest um vert að skoða. Þeir þættir hennar sem umlykja listaverkið sjálft. Það sem kom á undan og það sem kom á eftir. Þegar sagt er: „sú íþrótt að búa til e-ð fagurt eða eftirtektarvert“ getum við spurt okkur:

- ♪ Hvenær er eitthvað **fagurt**.
- ♪ Hvenær er eitthvað **eftirtektarvert**?
- ♪ Er fegurðin alltaf **falleg**?
- ♪ Er hún alltaf **snoppufríð**?

<sup>42</sup> Birtist einnig á kistan.is

Ég lít fyrst og fremst á list sem hugarfar, sem aðkomu. Hún er opin og leitar tenginga. Eðli hennar er forvitið og fróðleiksfús.

Hún rannsakar, spyr spurninga, meðvitað og ómeðvitað og tekur engu sem gefnu. Hún felur í sér samskipti. Hún fjallar um það að ná sambandi. Annarsvegar við *sjálfan sig*, *tilfinningar* sínar og *hugsanir*, hinsvegar við *umheiminn*, *efniviðinn*, *samferðamennina*. Hún fjallar um það að draga ályktanir sem eru ekki byggðar á fordómum heldur á ígrundun. Hún fjallar um það að bera eigin skynjanir saman við annarra til þess að gera okkur betur grein fyrir lífi okkar og tilveru.

- ♪ Hver er **ég** og hversvegna er **ég hér**?
- ♪ Hver ert **þú** og hversvegna **ert þú hér**?
- ♪ Hvar **enda ég**? Hvar **byrjar þú**?
- ♪ Hvað er langt frá þér til mín?

Ef ég leyfi listinni að vera með mér í hvunndeginum þá hjálpar hún mér við það að gera hann og það sem hann réttir mér eftirsóknarvert. Hún gerir það að verkum að ég staðna ekki við eigin fordóma, heldur legg mig fram við það að kynnast eðli þess sem að höndum ber. Á þann hátt fæ ég tækifæri til þess að upplifa og njóta fegurðar þar sem við ég síst vænti hennar.

### Rannsóknareðli listarinnar

Er listin bara viðbót við lífið okkar eða er hún mikilsverður þáttur í því hvernig við mætum því sem að höndum ber? Getum við nýtt listina á miklu markvissari hátt en raun ber vitni, til þess að bæta samskipti manna á milli, til þess að bæta líðan okkar, og hæfni til að takast á við daglegt líf. Hæfni okkar til þess að mæta því óþekkta. Í erindi þessu mun ég fjalla um meðfædda fróðleiksfýsn mannsins og eðlislæga hæfni til skapandi hugsunar og starfa. Að læra í gegn

um listir felur það í sér að virkja meðfædda forvitni og þörf hvers og eins til þess að nema og finna lausnir.

Í gegn um myndlistarvinnu og alla vinnu með skilningarvitin erum við að virkja eðlislæga hæfni barnanna okkar til þess að „lesa“ sjálf sig og tilveruna. Við erum að virkja hæfni barnanna okkar til náms. Ég vil leitast við að rökstyðja þá skoðun mína að listir ættu að vera viðurkenndar sem grunnfag í skólakerfinu okkar á öllum aldursstigum.

Ég tel nauðsynlegt að eðlislægur rannsóknarþáttur listarinnar sé viðurkenndur og mikilvægi hennar sem leiðar til samskipta með áherslu á að gera nemendur læsa á óyrt skilaboð frá umhverfinu.

Ég fagna því að í nýrri námsskrá grunnskóla er fjallað á mjög ítarlegan hátt um mikilvægi listmenntunar í öllu skólastarfi og í þroska hvers einstaklings.

En á meðan við breytum ekki áherslum í því hvað lokapróf feli í sér þá erum við í raun ekki að breyta neinu. Ég sé ekkert réttlæti í því að lágar einkunnir í stærðfræði geti stöðvað nemanda sem stendur sig vel í t.d. myndlist í því að komast áfram í nám við sitt hæfi en lágar einkunnir í listum breyta engu um það hvort sá sem stendur sig vel á stærðfræðiprófum komist hvert sem hann vill.

Ef, þrátt fyrir allt hið metnaðarfulla starf sem á sér stað víðsvegar í skólakerfinu, þar sem verið er að reyna að koma til móts við einstaklinginn á hans eigin forsendum, komi alltaf að þeim tímamarki þar sem öllu er kastað fyrir róða og eingöngu tekin próf í mjög afmörkuðum, útkomumiðuðum þáttum þá er ekki von á breytingum til góðs.

Það er ekki rétt að öllum sé þröngvað í gegn um sama nálaraugað. Með **Óyrt** skilaboð á ég við það táknmál sem felst í meðferð lita,

forma, í myndbyggingu, hljómfalli, hreyfingu, hryn o.s.frv. En margsannað er að þessir þættir hafa sterk áhrif á tilfinningar okkar og líðan, skoðanir og athafnir. Þeir geta skipt sköpum í því hvernig við túlkum hið talaða mál.

Hvítvoðungur sem enn hefur ekki náð að tileinka sér hið talaða mál er þegar í upphafi lífs síns farin að skynja þessi tákni sem sýnir sig í því hver áhrif litir, form og hljóð hafa á líðan hans. Þetta er því í raun fyrsta tungumálið sem við tileinkum okkur. Ekki vegna þess að við fáum beina kennslu í því heldur vegna þess að reynslan kennir okkur að túlka skynjun okkar og smámsaman að tengja hana daglegu lífi okkar.

### Eins og barn

Sagt hefur verið að sannir listamenn, heimspekingar og vísindamenn eigi það sameiginlegt að kunna að undrast eins og barn. Má það til sanns vegar færa því grunneðli listarinnar er að spyrja spurninga og hvar væri heimspekin eða vísindin ef engar væru spurningarnar? Forvitnin, hreyfiaflið sem gerir það að verkum að við stöndum ekki í stað heldur höldum áfram að þroskast og sjáum lífið frá nýjum og nýjum sjónarhornum.

Listin er eins og barn sem er að uppgötva sjálft sig og heiminn sem það býr í. Rekið áfram af þörfinni fyrir það að standa ekki í stað heldur reyna að átta sig á tilverunni, sjálfu sér og samþilinu þarna á milli. Við leitum tenginga. Öll tilvera okkar gengur út á samskipti. Samskipti við okkur sjálf, við umhverfið. Samskipti efnis og anda.

Við fæðumst með einstaka hæfni til þess að afla okkur þekkingar. Við sýnum snemma næmi til þess að finna leiðir til að koma nýfenginni reynslu í samhengi við fyrri reynslu þannig að útkoman verði ný uppgötvun.

Sköpunarkrafturinn er okkur öllum í blóð borinn en lengi vel var talið að hann væri eingöngu fáum útvöldum gefinn. Sýnt hefur verið fram á með ótal rannsóknum að við eigum öll aðgang að honum. Spurningin er hinsvegar sú hvernig við nýtum hann, hvort við gerum okkur grein fyrir því að við nýtum hann og hvort við áttum okkur á því að við getum markvisst nýtt okkur hann. Ekki verða allir listamenn þó við eigum öll sköpunarkraft frekar en að allir verði heimspekingar þó við hugsum öll.

Það ánægjulegasta í myndlistarvinnu minni með verðandi leikskólakennurum er það að upplifa fólk sem aldrei hefur viðurkennt sig sem skapandi einstaklinga og segist iðulega ekki hafa nokkra listræna hæfileika, átta sig á eigin tilfinningu fyrir litum og formum. Að það hefur sjálft sterka tilfinningu fyrir t.d. myndbyggingu og getur gert sér grein fyrir henni og sett í samhengi við aðra þætti í lífi sínu. Að það getur staðið með henni og rökstutt hana. Að það er ekki tilviljun að það sækir frekar í tiltekna liti í tilteknu samhengi frekar en aðra, eða hengir myndina á þennan vegg en ekki hinn.

Ef við lærum að treysta eigin hugboðum, gerum við okkur grein fyrir því að við búum yfir mikið meiri þekkingu og skilningi á fyrirbærum náttúrunnar en við héldum. Við þurfum ekki að vera óvirkir þiggjendur.

Algennt er að fullorðið fólk segist ekki geta teiknað. Það hefur aftur á móti verið margsannað að hver einasti maður getur teiknað mun betur en hann áttar sig. Margur hefur bara aldrei fengið tækifæri til þess að leggja rækt við það. Samfélagið er svo fljótt að flokka fólk með hæfileika eður ei og ef við sýnum ekki eindregna hæfileika í einhverja átt þá er okkur fljótlega hjálpað við að útiloka þann möguleika. Aftur lærum við öll að lesa og skrifa þó við ætlum ekki að verða rithöfundar.

Við getum öll þjálfað okkur í teikningu. Má þar vísa í bókina „Drawing on the right side of the brain“ eftir Betty Edwards. Teikniþjálfun er ekki síst þjálfun í því að kunna og þora að horfa. Að læra að treysta á augað sem mælitæki. Og ekki bara augað heldur þurfum við að læra að virkja öll okkar skilningarvit til þess að „horfa“. Þegar við höfum skoðað fyrirbæri frá ólíkum sjónarhornum erum við hæfari til þess að meta það. Við einfaldlega þekkjum það betur. Því eigum við oft auðveldara með að teikna hlut ef við höfum snert hann eða beitt öðrum skilningarvitum til þess að kynnast honum. Við horfum ekki eingöngu á fyrirbærið sem við ætlum að teikna heldur allt umhverfið. Við skoðum rýmið í kring um hlutinn. Við berum saman línur og fleti og metum afstöðu þeirra hver til annars. Um leið og hver lína er einstök er hún alltaf hluti af heild sem ber að skoða.

Þarna kemur aftur að samskiptunum. Jafnvel þó að eingöngu ein lína sé í myndfleti er hún í samskiptum við myndflötinn. Á sama hátt og þó við séum einstök erum við aldrei ein. Við erum alltaf í samhengi við umhverfi okkar.

## Listir - Vísindi

Tilhneiging hefur verið á okkar tímum til þess að aðskilja þetta tvennt sem óskyld fyrirbæri, en ég staðhæfi að enginn verði listamaður nema hann hafi góða tilfinningu fyrir stærðfræði. Sú tilfinning er þó oft huglægari en sú sem krafist er í stærðfræðikennslu í skólum og þar af leiðandi koma þessir nemendur oft illa út í stærðfræðiprófum.

Listin og stærðfræðin eiga það sameiginlegt að velta fyrir sér stærðum, rými, afstöðu hluta hver til annars í tilteknu rými, hlutföllum, rúmmáli osfrv. Stærðfræðin byggir á því að nota tölur, þ.e. viðurkennt ritmál stærðfræðinnar, og setur viðfangsefnin upp í dæmaformi á meðan listin notar huglægari mælingartæki.

Myndlistina kalla ég gjarnan „cirka“ fræði á móti því að stærðfræðin sé talnafræði og miði við eina rétta útkomu.

"Cirka"fræði, þó í raun sé ótrúlegt hversu nákvæmt augað getur verið.

Á síðustu árum hafa nýir kennsluhættir í stærðfræðikennslu verið að ryðja sér til rúms hér á landi sem og hjá öðrum þjóðum. Þar er lögð áhersla á vinnuferlið, í stað útkomu og reynt að virkja meðfædda hæfni barna til þess að læra í gegn um eigin reynslu og upplifanir. Þarna sér maður Sköpunarkraftinn nýttan á markvissan hátt í þágu vísindanna.

Hversvegna hefur skólakerfi okkar tíma aðgreint listir og vísindi? Hér kemur að þriðja þætti útskýringa íslenskrar orðabókar á hugtakinu „list“. Háskóli miðalda var byggður upp á því sem kallað var hinar „Sjö frjálsu listir“ eða „Septem artes liberales“.

Á þeim tíma var allt nám skilgreint sem listir. Tölvísi, mælskulist, hljómlist, stjarnfræði, og flatarmálsfræði var gert jafn hátt undir höfði og listir viðurkenndar sem grunnnám. Sjálfur Platón hélt því fram að listir væru undirstaða alls náms.

Á síðustu árum hafa menn verið að vakna til vitundar um það að ekki sé rétt að aðgreina listir og vísindi á þann hátt sem gert er á okkar tímum og velta fyrir sér hvernig hægt sé að ná tenginu. Í fyrra var meðal annars haldin mjög forvitnileg alþjóðleg ráðstefna um þetta efni hér í Reykjavík þar sem fjöldi vísinda og listamanna báru saman bækur sínar.

Ég hvet fólk til þess að kynna sér þær leiðir sem Loris Malaguzzi bendir okkur á. Hann er hugmyndafræðingurinn að baki þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað, frá því upp úr seinni heimsstyrjöld, í leikskólamálu í Reggio Emilia á Ítalíu.

Hann segir að við eigum að líta til barnanna og læra af þeim. Við ættum að líta til þess barns sem við einu sinni vorum og læra af því. Þegar barni er fenginn nægur tími, alúð og hvatnig, þegar vinnuaðferðum þess og hugmyndum er sýnd virðing er ótrúlegt hversu markvissum vinnubrögðum það beitir við það að reyna að átta sig á tilveru sinni og finna skilningi sínum birtingarform.

Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum náð að tengja betur listir og vísindi en börnin í Reggio þau framkvæma það sem við tölum um. Sem börn tengjum við á eðlilegan hátt listir og vísindi með meðfædda fróðleiksfýsn og hæfni til skynjunar að vopni.

Í nýútkominni bók Guðrúnar Öldu Harðardóttur, lektors og brautarstjóra leikskólabrautar Háskólans á Akureyri „Í leikskóla lífsins“ segir að Malaguzzi hafi gagnrýnt ríkjandi skólakerfi. Hann taldi að menning og skóli leitaðist almennt við að skilja að líkama og huga, þar sem kennt væri að hugsa á líkama og framkvæma án hugsunar. Hann taldi að leikurinn og vinnan, veruleikinn og draumurinn, vísindin og hugmyndaflugið, hið innra og hið ytra væri gert að andstæðum.

Hann gagnrýndi vestræna menningu og skóla fyrir að afneita líkama og tilfinningum barnanna og upphefja kerfishugsun, rökhugsun og hið talaða mál. Á öðrum stað í bókinni segir að í Reggio sé litið á menntun sem rannsókn. Barnið noti rannsóknaraðferðir í uppgötvun sinni og námi og nálgist viðfangsefnin á margvíslegan hátt.

Þar er hvatt til þess að skapa samfélag sem hefur not af virkni barna. Samfélag sem getur nýtt hugrekki þeirra jákvæðni, gleði og orku. Við ættum að leggja okkur fram við það að hlusta, að horfa, að raunverulega skynja hvernig börnin vinna.

Hvernig þau leita leiða til þess að leysa vandamál og finna úrlausnir verkefna með áherslu á ferlið en ekki útkomuna. Ef alúð er lögð í ferlið verður útkoman sjálfkrafa góð.

Ef skólakerfið nær að virkja þennan þátt í eðli okkar og viðurkenna hæfni okkar til þess að skynja okkar ytri og innri tilveru, hæfni okkar til þess að afla okkur reynslu, mynda tengingar og draga ályktanir þá eru þeir í leiðinni að skapa vinnuhvetjandi andrúmsloft.

Þeir eru að vinna gegn agaleysi. Barn sem upplifir að það standist ekki kröfur umhverfisins getur vissulega brugðist við því með neikvæðri hegðun og afstöðu. Barn sem upplifir sig viðurkennt sýnir innri aga.

### Hvað Er Skilningur?

Verður skilningur ekki til fyrr en við höfum náð að koma honum yfir í orð? Hið yrta mál, tungumálið er sú mælistika sem við notum á skilning. Við viðurkennum tungumálið sem undirstöðu hvers samfélags og leggjum mikið upp úr tungumálakennslu. Orð eru sett upp í kerfi og útskýrð eftir kúnstarinnar reglum svo enginn vandi ætti að vera fyrir okkur að skilja hvert annað ef við bara fylgjum kerfinu.

En raunin er samt sem áður sú að við eigum einstaklega auðvelt með að miskilja hvert annað og rangtúlka.

Fólk leggur mismunandi skilning í orð, ákveðnar málhefðir skapast innan ákveðins hóps, mállýskur mismunandi landshluta, í hvaða samhengi eru orð eða hugtök notuð.

Eitt er hugsun þess sem tjáir sig, annað hvaða orð hann velur til að reyna að tjá hugsun sína, hvernig hlustar hlustandinn, hvernig skilur hann orðin sem eru sögð og hvernig túlkar hann þau?

### Að lesa á Milli línanna

Við tökum svona til orða og finnst við vera að fjalla um eitthvað óljóst. En þarna ber að staldra við. Þarna kemur að táknmálinu sem okkur finnst vera óljóst af því við höfum ekki flokkað það á sama hátt og orðin. Við höfum ekki skilgreint það, ekki viðurkennt það. Við höfum ekki lært það! Kannski finnst okkur það svo sjálfsagt að ekki þurfi að huga neitt sérstaklega að því.

Við lærum að tala. Við lærum móðurmálið okkar af umhverfinu og smám saman verður það hluti af hjartslætti okkar. En við erum ekki þjálfuð í því að lesa táknmálið sem liggur að baki orðanna. Við tengjum saman orð og sannleika, orð og skilning... í upphafi var orðið...

Það merkilega er að í raun skiljum við mun meira af þessu óræða táknmáli en við gerum okkur grein fyrir. Undirmeðvitundin veit lengra en nef hennar nær. Við skiljum allskyns óyrt skilaboð frá umhverfinu en við skiljum ekki að við skiljum þau. Þetta hafa þeir sem gera sér grein fyrir táknunum getað notfært sér frá upphafi mannkyns, meðvitað eða ómeðvitað til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt, bæði til góðs og ills.

Í seinni tíð heyrum við æ oftar minnst á það að gera börnin okkar læs á umhverfi sitt. En hvað meinum í raun við með þessu? Erum við kannski bara að einblína á það að gera þau læs á staðreyndir svo sem heiti á náttúrufrýrbærum og hinn hlutlæga heim okkar? Gera þau læs á okkar skilgreinda, mælanlega fullorðins heim. Viljum við að þau verði leiksoppar þess að meðtaka skilaboð frá umhverfinu án þess að gera sér grein fyrir því að þau geri það?

Í okkar sífellt hraðvirkari margmiðlunarheimi þar sem lítill tími gefst til þess að veða og meta upplýsingar verður táknmál hins óritaða máls sífellt sterkara. Auglýsingar, tíska, sjónvarp, tölvur, allt dælir þetta inn upplýsingum í myndrænu formi sem við meðtökum á augabragði.

Myndin getur sent okkur mörg skilaboð í einu en hið ritaða mál þarfnast atburðarrásar og þar afleiðandi lengri tíma til meðtöku segir norskri bókmenntafræðingurinn Arnae Rasmussen um Barnabækur og margmiðlun.

Listin les á milli línanna. Hún þjálfar okkur í því að lesa í tákni á milli línanna. Öll tákni sem umlykja orðin og geta gjörbreytt þýðingu þeirra.

Listamaðurinn, meðvitað eða ómeðvitað, gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa táknmáls og nýtir það markvisst í tengslum við sköpunarkraft sinn. Fyrir honum er þetta jafn skýrt og hið talaða mál er öðrum. Eðli listarinnar er að virkja aðrar boðskiptaleiðir en eingöngu hið ritaða, talaða mál. Hún spyr spurninga, rannsakar, veltir upp öllum sýnilegum og ósýnilegum möguleikum og reynir að finna nýtt samhengi.

Ef þú færð ekki að þroska tilfinningu þína og skilning á tjámáli listarinnar staðnar þú í klisjunni. Þú staðnar í eigin fordómum. Ómeðvitað fylgir þú í þeirri fólsku öryggiskennd sem klisjan veitir. Við þurfum að byggja brýr, við þurfum að vera þolinmóð og gefa okkur tíma til þess að skynja hvað að baki býr. Við þurfum að gefa okkur tíma til þess að hlusta með öllum okkar skilningarvitum.

Ekki er öllum það jafn vel gefið að koma skilningi sínum yfir í orð, en það þarf ekki að þýða það að skilningur sé ekki fyrir hendi. Ég

hvet til þess listir séu nýttar í grunnnámi hvers einstaklings til þess að gera hann meðvitaðri um eigin hæfni til náms.

### Hvað ef heimurinn

Hreyfiafl hugarflugsins er leikurinn, eins og hann tilheyrir barninu. Margir telja leikinn vera fjarri öllum (alvöru) störfum. En án leiksins að hugarfluginu, hafa aldrei fæðst hugmyndir. Hvernig skyldi mönnum hafa dottið stóri hvellur í hug, Einstein afstæðiskenningin, DaVinci verk sín, eða bara svona einfaldar athafnir eins og að þrjóna og hekla? Hvernig varð allt þetta til ef ekki fyrir leik einhverra að ímyndunaraflinu, leik í **hvað ef....**



# Það var alveg ofboðslega gaman að fara út í myrkrið!

**Pórdís Ósk Helgadóttir er leikskólakennari búsett í Hollandi**

Í þessari grein leitast höfundur við að svara því hvernig starfsfólkinu á annari eldri deild Jöklaborgar tekst að tengja kenningar Berit Bae við hópastarfið. Er stuðst við vettvangsathuganir og viðtal við Elínu Pálsdóttir.

Í vor sem leið skrifaði ég B.Ed ritgerð í leikskólafræði frá Háskólanum á Akureyri sem ber heitið „*Það tókst*“. Þar fjalla ég um rannsókn sem ég vann á leikskólanum Jöklaborg, á viðhorfum Elínar Pálsdóttur leikskólakennara sem þar vinnur og hvernig þar er markvisst unnið með skapandi starf til að efla sjálfsmynd barna.

Ég hef í hyggju að skrifa nokkrar greinar byggðar á rannsókninni og í hverri þeirra tek ég fyrir ákveðið viðfangsefni eða spurningu. Í þessari fyrstu grein ætla ég að reyna að svara því hvernig starfsfólkinu á annari eldri deild Jöklaborgar tekst að tengja kenningar Berit Bae við hópastarfið. Ég styðst við vettvangsathuganir mínar og viðtal við Elínu Pálsdóttir.

## Kenning Berit Bae

Berit Bae er mörgum íslenskum leikskólakennurum af góðu kunn. Hún hefur m.a. skoðað gæðin í samskiptum fullorðinna og barna. Sérstaklega viðurkennandi samskipti og þá í hverju þau felast og hvaða áhrif þau hafa á hópinn annarsvegar og hinsvegar áhrif á einstaklinga innan hópsins.

Bae fjallar um gagnvirkni, hvernig allir skapa forsendur hver fyrir annan. Samskipti tveggja bjóða upp á þátttöku fleiri og hópurinn veldur því að þróun á sér stað í samskiptum tveggja. Gera þarf ráð fyrir truflun á samskiptum við einn en slíkt getur gefið tilfinningu

fyrir því að vera hluti af hóp. Viðurkenning felur í sér að stoppa við, hlusta á vandamálin og gefa ráð sem duga.

Þegar fleiri vilja vera með í samspili barns og leikskólakennara er mikilvægt að leikskólakennarinn ráðfæri sig við barnið. Þannig skapast eðlilegra flæði í samskiptunum og leiknum, þar sem virðing er borin fyrir einstaklingssamspilinu og að það sé samspil tveggja og báðir sátir við að breyta því. Hægt er að spyrja barnið hvort annað megi taka þátt eða láta „nýja“ barnið spyrja það sjálf.

Verkefni eins og að leggja á borð stuðla að hóptilfinningu. Þá er mikilvægt að gera þó ekki of miklar kröfur sem gætu stuðlað að því að barnið nyti þess ekki eins og yrði jafnvel hrætt við að geta ekki uppfyllt þessar kröfur.

Bae bendir á nokkur lykilorð í viðurkennandi samskiptum. Það eru: *skilningur, viðurkenning, einlægni og sjálfsskoðun*. Skilningur felur í sér að átta sig á eigin tilfinningu fyrir hlutunum jafnframt því að átta sig á hvernig barnið skynjar þá og greina þar á milli. Viðurkenning felur í sér hlustun. Einlægni, að vera opin fyrir því sem á huga barna og vilji til að fylgja því eftir. Sjálfsskoðun gefur kost á að átta sig á mismunandi sýn á aðstæður.<sup>43</sup>

## Um aðferðafræðina

Gagnaöflun fór þannig fram að ég gerði vettvangsathugun, tók viðtal og óskaði eftir skriflegum gögnum um leikskólann (eins og ársskýrslu og fréttabréfum [ÞÓH1]). Þann sjötta og sjöunda mars 2001 heimsótti ég Jöklaborg. Í þeim heimsóknnum gerði ég þátttökuathugun og fékk ársskýrslu og fleira í hendur. Átjándan mars tók ég síðan viðtalið við Elínu.

<sup>43</sup> Bae 1991 & Brendstrup 2000

Textagreining snýst um að flokka, túlka og útskýra texta. Gögnin sem ég hafði um leikskólann fjalla um stefnu, markmið og leiðir leikskólans.

Í þáttökuathugun [MSOffice2]er fylgst með hvernig tekist er á við raunverulegar aðstæður. Fyrirfram er ákveðið hvað eigi að skoða, hvernig eigi að skrá og síðan er flokkað og túlkað. Valið er hvort sá sem gerir athugunina eigi að vera þátttakandi eða ekki í ferlinu sem fram fer, með þáttöku næst meiri nálægð og innsýn en um leið hefur viðkomandi áhrif á gang mála. Þáttökuathugunin sem ég notaði var svokölluð vettvangsnóta. Ég heimsótti Jöklaborg og fylgdist vel með því sem fram fór án þess að hripa neitt niður. Eftir heimsóknina fór ég og skráði allt sem fyrir bar eins vel og ég mundi. Síðar vann ég úr þeim texta.

Viðtal gefur innsýn í skoðanir, sýn og upplifun viðmælanda. Viðtöl eru misopin, allt frá því að vera fyrirfram hugsuð í smáatriðum og til þess að vera alveg opin eins og samtal. Ég fór milliveg. Hafði spurningablað til stuðnings en fylgdi síðan samtalinu eftir. Gott er að hafa slíka punkta hjá sér til að forðast að gleyma mikilvægum atriðum en um leið býður samtalið upp á að eitthvað nýtt og spennandi komi fram. Til að viðtal geti heppnast er grundvallaratriði að andrúmsloft sé vinsamlegt og öruggt. [ÞÓH3] Við vinnslu greinarinnar er aðeins vitnað í þann hluta viðtalsins sem snýr efninu.<sup>44</sup>

### Lýsing á hópstarfi í Jöklaborg

Hópstarfið á Jöklaborg fer þannig fram að einn dag í viku fara öll börn í leikskólanum í hópstarf. Elstu börnin eru 2 tíma en þau yngri skemur. Hóparnir haldast eins yfir veturinn og er sami hópstjóri sem fylgir þeim eftir. Hópastærðin miðast við hve mörg börn eru í hverjum árgangi. Hópastjórar nýta sér vikulega fundi til að bera saman bækur sínar og styðja við bakið hver á öðrum. Elín er reyndur

<sup>44</sup> Pettersen 1996

leikskólakennari og Ásta Kristín tiltökulega nýútskrifuð. Þær starfa saman á deild [ÞÓH4]ásamt fleirum. Hópastarfstímarnir eru skipulagðir þannig að það eru tveir starfsmenn með þá, hópstjórinn og síðan n.k. varamaður sem grípur inni þegar þurfa þykir.

Sérstök áhersla er lögð á myndlist og tónlist í hópstarfinu. Einnig er áhersluatriði að öllum líði vel, börnin læri að taka tillit hvert til annars, að efniviður sé í hæð barna og að þau læri sjálfstæð vinnubrögð.

Í rannsóknarhluta ritgerðarinnar fjalla ég meðal annars um þegar ég var viðstödd tvo hópstarfstíma. Í fyrri tímanum er Elín hópstjórinn en Ásta henni til aðstoðar og þeim seinni er Ásta Kristín hópstjórinn en Oddný henni til aðstoðar. Hér á eftir greini ég stuttlega frá starfinu í tíma með annarsvegar Elínu og hinsvegar Ástu Kristínu.

### Í hópstarfi með Elínu

Ég kem inn í hópstarf hjá Elínu. Fer það fram í innra herbergi deildarinnar, börnin sitja við dyrnar þar sem ég geng inn. Herbergið er rúmgott með borðum og stólum, efnivið til skapandi starfs, teppi í einu horni og flettistöflu. Það eru tvær útgönguleiðir, önnur inn í fram og hin inn á bað. Þetta er notaleg stund þar sem börnin sitja við tónlistarhúsið (teppi með allskonar spennandi hljóðfærum á) og flytja lag við eigið ljóð.

### Fótaljóð

Börnin sitja við teppi sem allskonar spennandi hljóðfæri liggja á. Elín situr við flettistöflu sem hefur að geyma ljóð eftir börnin sem nefnist „fótaljóð“.Hún les upp eina línu í ljóðinu í senn og eftir hverja ljóðlínu túlkar eitt og eitt barn það á hljóðfærið sem það er með. Þegar hver og einn átti að stoppa gefur Elín merki með því að láta þumalfingur snerta hina fingurna. Þetta er spennandi verkefni og börnin greinilega að vanda sig við að fylgjast með og vera tilbúin að leika á hljóðfærið þegar kemur að þeim. Það eru 10 börn í hópnum.

Að flutningi loknum er gengið frá hljóðfærunum og taka börnin virkan þátt í því.

### **Drekinn**

Næst er tími til að ræða um *Drekann*. Segja gestinum frá Drekanum og flytja nýjustu fréttir af honum. Drekinn er verkefni sem börnin eru búin að vinna að í einhvern tíma. Þau heimsóttu leirkerasmið, fylgdust með og tóku þátt í að skapa þennan dásamlega Dreka. Einhver barnanna skreyttu bakið á Drekanum og önnur höfðu gert matarskál fyrir hann. Nýjustu fréttir af Drekanum eru þær að nú sé Drekinn tilbúin og leirkerasmiðurinn ætlar að mæta með hann. Í dag á að vera Drekahátið. Í framhaldi af þessu segir Elín börnunum frá því hvernig hátiðin á að fara fram, hún muni segja eitthvað, börnin kynna atriði, einhverjir afhjúpa Drekann og sungið. Síðan eiga börnin að gefa Helgu (leirkerasmiðnum) blóm, svo fátt eitt sé nefnt.

### **Listsyning**

Þegar þessum fréttaflytningi er lokið er komið að listasýningu. Sest er við borð, og snúningsdiskur settur í miðjuna. Elín tekur fram leirlistaverk barnanna. Á diskinn er eitt og eitt listaverk sett það rætt og skoðað. Þetta eru sjálfsmyndir úr leir. Listamennirnir tjá sig um verkin, segja frá hugmyndum sínum og hinir komu með nýjar hugmyndir. Elín snýr verkunum á snúningsplötunni þannig að allir geta séð þau.

Við hvert stykki sem sett er á snúningsdiskinn spyr Elín hver gerði það, hvað viðkomandi barn vill segja um það verk og hvort aðrir vilji leggja eitthvað til málanna. Ef barnið hefur í fyrstu ekkert að segja, leiðir hún það áfram með því að segja, hvað ertu að gera, hvernig ertu á svipinn (ertu glaður) o.þ.h. Þessar umræður eru mjög skemmtilegar. Má nefna eina sjálfsmynd af stelpu sem er að fara í sturtu. Hún er búin að taka teygjuna úr hárinu (hár gert með hvítlaukspressu), það vantar hendur og fætur vegna þess að hún gleymdi þeim, en í umræðunni kemst hún að því að hændurnar sjást

ekki fyrir handklæðinu og það er svo sítt að fæturnir sjást ekki heldur. Þegar búíð er að ræða um listverkið stendur listamaðurinn upp og hneigir sig fyrir hinum.

### **Leikur og umræða**

Í lok tímans velja börnin leik til að fara í. Valið fer fram á mjög lýðræðislegan hátt, eftir nokkrar uppástungur sem mismargir hallast að kom til leikur sem allir vilju fara í. Leikurinn gengur út á að halda blöðru á lofti, ef hún snertir eitthvern á hann að leggjast á grúfu. Eftir smátíma breytir Ásta leiknum þannig að stelpur og strákar skiptust á að halda blöðrunni á lofti, þegar blaðran snerti hjá öðru liðinu tekur hitt liðið við.

Elín kallar mig til sín þar sem að Ásta er í að fylgjast með leiknum og útskýrir fyrir mér fótaljóðið á flettistöflunni. Það kemur út frá þemanu „ég sjálfur og líkami minn“. Börnin eru búin að vera að velta fótum fyrir sér, spjalla um hvað gert er með fótum, ganga á fótum, jörkum, tám og hælum. Stimpla iljar og lófa á pappír, bæði sem samvinnuverkefni og ein og sér. Síðan tóku þau annað verkefnið og völdu sér part úr verkinu til að rífa af og vinna með hvert og eitt. Eftir að hafa rætt, spáð og spekúlerað í fótum þá sömdu þau hvert sína línu í ljóðinu. Vinnan með ljóðið hélt síðan áfram eins og tónlistarflutningurinn sýndi fram á.

Hópastarfstíminn endar á því að allir leiðast og þau syngja kveðjulag. Lagið endar eins og „salt kjöt og baunir tókall“ nema það er „takk fyrir okkur, bless bless“.

### **Í hópastarfi með Ástu Kristínu**

Hópastarfið hjá Ástu Kristínu var eftir hádegið sama dag og fer fram í sömu stofu. Hópurinn einbeitir sér þennan dag að því að vinna úr gífsi. Setið er við tvö borð. Á öðru er verið að móta úr gífsi en hinu verið að mála.

Ástu Kristínu gefst smá tækifæri til að segja mér aðeins frá. Hugmyndin var sú að fara í göngutúr um nágrennið og velja síðan eitthvað viðfangsefni til að vinna úr gífsinu. Þessi hópur hélt sig reyndar sem minnst við nágrennið en fór frekar um heima og geima. Sköpunarverkin eru m.a. stöðuvatn, maís, reiðhjól, sólin og skip. Það vekur athygli mína að strákur úr málingahópnum tilkynnir að hann þurfti að kubba í miðjum klíðum. Ásta Kristín segir honum að þvo hendurnar og gerir honum kleift að kubba. Hún segir honum jafnframt að hann þurfti að koma aftur og mála meira, hann samþykktir það. Hann fer en kemur síðan aftur, tilbúinn að ljúka við verkefni dagsins.

### **Elín Pálsdóttir**

Elín segir að rödd barnsins og skoðanir komi fram á ýmsa vegu. Henni finnst mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir að við erum ekki bara að gera eitt í dag og eitthvað allt annað á morgun. Það er ákveðin þróun sem á sér stað, það er ákveðið ferli, í þessari vinnu. Hún telur að sköpunin birtist á mismunandi hátt. Hún birtist í því sem barnið segir, því sem það gerir og því sem fangar hugann hverju sinni.

Þegar ég ákveð að fara af stað með verkefni, veit ég ekki hvað er að gerast hjá hverju og einu barni, hvað það er að hugsa þegar það er að vinna. Ég veit hvað barnið hugsar þegar það segir það. Ég met augnablikið.

Þegar hún ræðir um snúningsdiskinn segir hún að hvert listaverk sé tekið og sett á diskinn og barnið, listamaðurinn sjálfur, tjáir sig um sitt verk. Á sama tíma geta hinir listamennirnir spurt og sagt hvað þeim finnst. Elín segist leggja áherslu á að koma með opnar spurningar sem kalla fram eitthvað, ekki lokaðar spurningar og fá bara já eða nei. Eða eins og hún segir:

Eins og þegar þau voru með sjálfsmyndirnar úr leir, þú upplifðir það, þá minnst mig að þar hafi verið barn sem einhverra hluta vegna gat ekki tjáð sig eða var ekki búin að ákveða eitthvað. Þá leiði ég það barn áfram með opnum spurningum eins og „Hvað ertu að gera? Hvað geturðu sagt mér um listaverkið þitt? Hvað viltu segja okkur um listaverkið þitt?“. Þetta reynir á styrk barnsins og þarna varst þú líka ókunnug inn í hópnum. Ég varpa gjarnan fram spurningu til hópsins: „Hvað haldið þið?“. Þá kemur hópurinn með eitthvað og í framhaldi af því er viðkomandi einstaklingur tilbúinn að segja sitt. Þannig að hópurinn gerir eitthvað sem ég get ekkert gert. Börnin sjálf, þau hjálpa líka hvert öðru, þau eru vekjandi fyrir umræðuna.

Hún telur að einstaklingurinn fái styrk frá hópnum til að láta eigin skoðun í ljós og tekur sem dæmi atvik þegar ég var í heimsókn. „Hann sagði ekkert það sem hópurinn var að segja heldur kom með eigin skýringu. Hópurinn hjálpaði því viðkomandi að einhverju leyti“.

Elín segist leggja heilmikið upp úr því að þau komi fram fyrir hópinn. Þegar börnin voru t.d. búin að tjá sig þá áttu þau að standa upp og hneigja sig. „Ég legg alltaf þínu upp úr því, reyndar ekkert þínu. Ég hef listaverkasýningu, þar sem markmiðið er að þjálfa barnið að koma fram fyrir lítinn hóp og síðan stækkar hópurinn.“ Hún telur að við það eflist sjálfstraust, sjálfsmyndin styrkist og þau verða öruggari í að segja sína skoðun.

Til útskýringar segir hún:

Mér er minnstætt þegar einn barnahópur var einhvern tímann búin að búa til listaverk í tvívídd og svona tjáning átti að fara fram. Ein teikningin

voru rendur og eitthvað á röndunum. Listamaðurinn vildi ekki segja strax hvað það var sem hann teiknaði, hann vildi heyra hvað hópnum datt í hug. Hópurinn stakk uppá fangelsi og ýmsu fleira en það var ekkert rétt, að mati listamannsins sem vann verkið. Enginn gat upp á því sem listamaðurinn hafði í huga. Það var grill. Það voru pulsar á grilli. Þannig að við sjáum það sama en við sjáum samt ekki það sama!

Hún segir að þannig verði þetta líka leikur að geta uppá og hópurinn segir svolítið til um það hverju sinni hvað gerist. Hún telur að það komi kannski líka inn á tjáningu, hvernig hlustum við? „Ég sem stjórnandi hef mikil áhrif. Hugsanlega meiri áhrif heldur en ég geri mér grein fyrir.“

Hún tekur annað dæmi:

Ég minnst þess að vera að byrja hópastarf klukkan hálf tíu að morgni og börnin voru komin á mottuna okkar, það var niðamyrkur úti og þegar ég kem inn þá segja þau „Megum við fara út í myrkrið?“. Ég hafði ekkert hugsað mér að fara út í myrkrið en hvað gerirðu? Hver var áhugi hópsins? Einstaklingsins? Ég ætlaði að byrja á öðru en hver er virðingin? Að sjálfsögðu fórum við bara út í myrkrið! Það var alveg ofboðslega gaman að fara út í myrkrið!

Hún segir að þegar börnin tjá sig gagnvart listaverkinu sínu, skoðanir á einhverju eða löngun á einhverju, þá er það eitthvað sem við eigum að virða.

Þegar ég er í svona hópastarfi, er ég að sjálfsögðu búin að undirbúa mig að einhverju leyti, ég er með

ramma. En vefnaðurinn, það eru börnin. Ég er með einhvers staðar en litrófið er jafn breitt og glampanði fallett og þessir gullmolar. Það eru hreinlega allir litirnir. Ég þarf að vera tilbúin að leyfa þessum vefnaði að fara eftir því sem að hópurinn segir mér. Ég má ekki vera einstrengingsleg og taka allar ákvarðanir þannig að það verði járn í járn. Þá er maður ekki að vinna það verk sem maður á að vera að vinna. Þá ertu ekki að veita þessum gullmolum þau vaxtarskilyrði sem þeir þurfa til þess að glóa! Hlutverk okkar er alltaf að veita þeim farveg og þússa þessa gullmola þannig að þeir fái að glóa eða hlúa að jurtinni þannig að hún blómgist og nærast.

Þegar ég spyr hana um hópatímamann þar sem eitt barnið stóð upp frá málningarvinnu, leit í kringum sig og sagði: „Ég þarf að byggja úr kubbum!“. Það var gert mögulegt en barnið varð að koma aftur og halda áfram með verkefnið áður en tíminn yrði búinn. Segir hún þetta vera spurningu um einbeitingu, spurning um úthald að við vitum það alveg sjálf að við erum mismunandi á hverjum degi og það þarf líka að virða. „Samt sem áður, þarf ég að ljúka því sem ég hef byrjað á. En ég lýk því að mínum hraða og þetta heitir bara að virða einstaklinginn og þarfir hans.“

### **Tengsl kenninga og starfs**

Ef hugtakið *gagnvirkni* samkvæmt Bae er skoðað kemur það m.a. fram þegar börnin skoða sjálfsmýndir úr leir. Þar veitir Elín einu barni í senn, sérstaka athygli á meðan verk þess er á snúningsdisknum en um leið leggja hin börnin orð í belg, taka þátt í þessu einstaklingssamspili með því að benda á aðra möguleika. Þarna er einum veitt sérstök athygli innan hópsins.

Börnin taka þátt í verkum sem þjóna hópnum með því að ganga t.d. frá hljóðfærunum. Þau eru sívirk, taka þátt í því sem fram fer.

Bae talar um að *skilningur* feli í sér „að skilja út frá sjónarhorni barnsins“ og kom það skýrt fram í viðtalinu þegar Elín útskýrir hvaða hugsun liggur að baki þegar hún leiðir barnið áfram með opnum spurningum eins og „hvað ertu að gera?“ og „hvað ertu að hugsa?“. Hún leiðir það áfram með því að spyrja út í einstök atriði, þannig að tjáningin reynist auðveldari en ella.

„Að viðurkenna og hætta að reyna að ná stjórn“ er lýsandi fyrir viðurkenningu Bae. Elín segir að ekki eigi að koma því með valdi fram sem henni finnst mikilvægt, þannig að stál í stál aðstæður verði, heldur eigi hlusta á það sem börnin vilja. Þannig mætir hún þeim innan þeirra eigin ramma.

Í viðtalinu kemur *einlægnin* „að fylgja vilja og áhuga barnsins“ sterkt fram, t.d. þegar þau fara út í myrkrið af því það er einlægur vilji barnanna. Ásta sýnir líka einlægni með því að fylgja því eftir þegar að eitt barnið þarf að kubba og fær til þess tækifæri, en á svo að koma aftur og klára.

*Sjálfskoðun* fer fram þegar á öllu þessu stendur, að þora að takast á við þetta og þora að breyta út frá dagskránni þegar hópurinn kallar á eitthvað annað. Hver er ramminn og hvað þarf hann að vera sveigjanlegur til að mæta þörfum barnanna? En sjálfskoðun felst líka í því að hugsa um starfið sitt og hópinn, eins og mér finnst koma svo vel fram hjá Elínu

Athyglisvert er hvernig viðurkennandi samskipti geta litað allt starfið í leikskólanum ef maður er vakandi fyrir því og hefur hugann við efnið. Þessi einlægni, vilji til að grípa hugmyndir barnanna á lofti og fylgja þeim eftir býður uppá svo ótal marga möguleika og hugmyndir sem viðkomandi hefði seint dottið í hug án tilstuðlan

barnahópsins. Sköpunin fléttast áfram, ný hugmynd vex út úr annarri og fyrir en varir er Drekin orðinn svangur!

En það þarf hugrekki, hugrekki til að þora að leyfa sér að fylgja eftir hugmynd, prófa eitthvað nýtt. Auðvitað gengur ekki allt upp en þá er að læra af því og sjá út nýjar leiðir.

#### Heimildir

- Bae, Berit. 1991. Litið á samskipti föstru og barns. *Fóstra*. 24,1:24-31.  
 Brendstrup, Sisse. 2000. Identifacation of the close relations between social educators and 0-3 year old citizens in a Danish day nursery. *Developing Identities in Europe: Citizenship education and higher education*. (ed. Alistair Ross), bls. 397-407. London, CiCe publication.  
 Pettersen, Reidar J. 1996. *Vurderingsarbeid i barnehagen*. En håndbok. Oslo, Barne- og familiedepartementet/SEBU Forlag.

#### Knúppur sköpunar

Carl Jung sagði að það virðist sem knúppur sköpunar hjá sérhverju okkar sé afar viðkvæmur. Þrátt fyrir að við höfum flest þörf fyrir að tjá okkur, virðist sem þessi þrá sé auðveldlega kæfð strax í bernsku. Margar manneskjur verða hræddar og þora ekki að taka áhættuna við prófa aftur.

---



---

# Í Reggio

---

Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri í Sæborg

---

Höfundur segir frá heimsókn í ungbarnaleikskólann Gianni Rodari sem vinnur í anda Reggio stefnunnar og frá Re Mida, sem er miðstöð með afgangsefni fyrir skapandi starf.

Í maí á þessu ári fékk ég tækifæri til að taka þátt í námskeiði í Reggio-fræðum á vegum sænska Reggio netverksins, sem haldið var í bænum Reggio Emilia á norður Ítalíu. Námskeiðið stendur í heila viku og skiptist á milli fyrirlestra og heimsókna í leikskóla og stofnanir sem vinna í tengslum við leikskólana í Reggio. Í þessari grein langar mig að segja frá heimsókn í ungbarnaleikskólann Gianni Rodari sem vinnur í anda Reggio stefnunnar og frá Re Mida, sem er miðstöð með afgangsefni fyrir skapandi starf.

## Leikskólinn Gianni Rodari

Leikskólinn er nefndur eftir ítalska rithöfundinum Gianni Rodari. Hann skrifaði bók sem hann nefndi Málfræði hugmyndaflugsins (1970). Leikskólinn sem er ungbarna-leikskóli (infants and toddler) er staðsettur í miðbænum.

Í leikskólanum eru 68 börn á aldrinum þriggja mánaða til þriggja ára. Leikskólinn var upphaflega stofnaður í seinni heimstyrjöldinni eða árið 1943. Upphaflega var hann rekinn sem gæslu- og heilbrigðisstofnun, af O.N.M.I (National Maternity-Infancy Servic) eða þar til árið 1997 að bæjarstjórn Reggio Emilia tók yfir. Byggingin hefur nokkrum sinnum verið endurbætt og gerð þannig úr garði að hún þjóni sem best yngsta aldurshópnum. Efsta hæð leikskólans er t.d. eingöngu fyrir foreldrafundi, vinnuherbergi fyrir kennara og upplýsingaþjónusta.

## Skipulag leikskólans

Í leikskólanum eru 68 börnum sem skipast á fjórar deildar.

- ~ Ungabörn: 12 börn undir 9 mánaða aldri
- ~ Smábörn hópur 1: 14 börn frá 10 – 18 mánaða
- ~ Smábörn hópur 2: 18 börn frá 19 – 24 mánaða
- ~ Smábörn hópur 3: 24 börn 25 mánaða til þriggja ára

## Starfsfólk

Af ellefu kennurum sem vinna fullan vinnutíma með börnunum, vinna fimm starfsmenn með ungabörnunum og smábarnahóp 1. Sex starfsmenn vinna með hópa 2 og 3.

Mikið samstarf kennaranna gerir það mögulegt að hægt er að bjóða eldri hóp barnanna inn í yngri hópinn til að greiða fyrir nánari samskiptum og til að efla tengsl barna og fullorðinna.

Í leikskólanum er kokkur í fullu starfi og þrír aðstoðarmenn í fullu starfi í eldhúsi og við ræstingu. Allt starfsfólkið tekur þátt í skipulagningu leikskólans á öllum sviðum.

## Vinnutími starfsfólks


Kennarar vinna 36 tíma á viku, 31 tíma með börnunum og 5 tíma í undirbúning. Kokkurinn og aðstoðarmenn vinna líka 36 tíma á viku: 33 tíma við eldamennsku og ræstingu og 3 tíma við undirbúning.

## Opnunartími

Mánudaga til föstudaga er opið frá kl. 8:00 – 16:00 og fyrir þá sem þess óska frá 7:30 að morgni og til 16:30 að kvöldi.

Leikskólaárið fyrir börnin er frá byrjun september til enda júní. Starfsfólkið vinnur lengur eftir að skólaári lýkur og kemur til starfa nokkru áður en skólaárið byrjar, til að ganga frá og undirbúa.

**Tákn** (logo) leikskólans er lítill fiskur. Börnin í leikskólanum bjuggu til sögu um lítinn fisk. Sagan og skráning sem gerð var þegar börnin sömdu hana gefur glögga mynd af þeirri sýn sem starfsfólk leikskólans hefur á barnið.



### **Sagan um þann litla og þögla**

Sagan hefst í erlissömu umhverfi litlu barnanna. Aðalpersónur í sögunni er hópur lítilla barna. Börnin eru svo lítil að þau hafa ekki enn uppgötvað rýmið. Þau eru rétt að byrja að ganga og eru þunglamaleg. En þau eru eftirtektasöm, (augu og hendur eru fljót að vinna), þau eru fljót að verða vinir og eru góð í samskiptum. Börnin búa yfir fullt af hugmyndum, sem eru skipulagðar og endurskipulagðar, framkvæmdar aftur og aftur, þróaðar áfram á hraða sem hentar þeim, og þeirra rökfræði.

En höldum áfram með söguna. Hún er viss tegund af gríni “commedia” samansafn af mörgum formálum, breytingum, eftirvæntingu, listaverkum og niðurmála. Söguþráður sem kemur á óvart og er skemmtilegur.

Sagan byrjar með forvitnilegri bók sem fjallar um gullfiska. Þessar litlu skepnur sem eins og vitað er, eru þöglar og hreyfa sig hratt. Þær fanga huga barnanna. Draumurinn verður svo að veruleika þegar alvöru gullfiskur er settur í vatn í leikskólanum. Börnin og fiskurinn urðu vinir. Fiskurinn talar við börnin og öfugt. Fiskurinn fær að borða og er settur í rýmið, og boðið góða nótt. Táknmálið á milli fisksins og barnanna gengur mjög vel en er algjörlega óskiljanlegt fyrir starfsfólkinu, rétt eins og hebrezka.

Tilkoma stóra gúmmífisksins sem sat upp á brúðuhillunni (kannski hafði hann legið í dvala í heila öld) færir óvæntan kraft í leikinn. Frá þessu augnabliki fara nýir atburðir að koma í ljós. Samlíf gúmmífisksins (handbrúðufiskur) og gullfisksins sanna fyrir börnunum hversu ólíkir þeir eru. Það er áhrifamikill stund og tilfinningarík fyrir börnin að fylgjast með því.

Smá vísbending eða grunur um að stóri fiskurinn ætli að gera þeim litla mein er nóg til þess, að eitt barnið gerir mjög hljóðlega, tilraun til að láta hann hverfa. Það hendur stóra leikfangafisknum út af svölunum. En annað barn, útskýrir með bendingum af umhyggju fyrir vini sínum að það vill bjarga leikfangafisknum.

Um stundasakir rífur þessi viðburður glaðværðina, þó það breytist fljótt. Ævintýrið endar í hamingjusamlegri og hávaðasamri gleði og huggun sem sameinar börnin, leikfangafiskinn og gullfiskinn aftur. Útkoman virðist sanna það enn og aftur hversu sterk og órjúfanleg vináttuböndin eru í heimi barnanna.

### **RE MIDA**

Á neðstu hæð leikskólans var nýlega opnuð þjónustumiðstöð „RE MIDA“ sem þjónar öllum skólastigum með efni sem fengið er frá hinum og þessum fyrirtækjum og verksmiðjum til vinnu við skapandi starf.

### **Skilgreining og saga Remida**

Remida miðstöðin var stofnuð 2. desember árið 1996 og er áskorun fyrir samfélagið í umhverfismálum, siðferði, menntun, fagurfræði<sup>45</sup> og hagsýni. Miðstöðin byggir á þeirri grundvallarsýn að með samvirkni ólíkrar menningar, skóla og frumkvöðla sé sköpun nýrra auðlinda möguleg. Þess vegna telst miðstöðin menningarlegt verkefni sem byggir á því að efla þá hugmynd að afgangshlutir séu

<sup>45</sup> aesthetic = fagurfræðilegur



auðlind. Afgangshlutir sem finna megi nýja notkun og merkingu fyrir. Slíkir afgangshlutir geta t.d. verið óseldar birgðir, úrkast í iðnaði og handverksframleiðslu, gallaðar vörur og hlutir sem eru álitnir einskis virði.

Aðferðafræði Remida byggir á frumkvæði og nýrri og hjartsýnni leið til að nálgast umhverfishyggjuna og sköpun nýrra hluta. Með



nýtingu afgangshluta er stuðlað að nýjum tækifærum til samskipta og virkunar sköpunargáfu, með það að leiðarljósi að bera virðingu fyrir hlutum, umhverfi og mannfólki. Dæmi um efni sem er safnað saman er t.d. pappír,

pappi, bakaður leir, bönd, leður, gúmmí, viður, marmari, smávara, málmur, skinn, plast, plexíplast, kassar, áklæði, dúkar, vefnaður, ýmiskonar gler og speglar, tágur og annað ýmis konar tilfallandi efni.

### Samstarfsaðilar og verkefni

Remida er sameiginlegt verkefni sveitarfélagsins Reggio Emilia og AGAC (SORPU) sem er opinber stofnun í forsvari um söfnun og losun á úrgangi. Remida er einnig stutt af International Association "Friends of Reggio Children".

Meðal verkefna Remida er m.a. fræðslustarf, samskipti við fyrirtæki og stofnanir um útvegum ókeypis afgangshluta, verkefni tengd sköpun, uppsetning vinnustöðva, ásamt útgáfu upplýsingaefnis.

Sjálfbóðaliðar hjá samstökunum "Friends of Reggio Children" hafa lagt sitt af mörkum við að koma upp húsnæði og aðstöðu fyrir miðstöðina, útvegum afgangshluta og að sjá um almennan rekstur. Fram að þessu hefur miðstöðin tekið á móti þúsundum fulltrúa frá mörgum stofnunum og samtökum ásamt fjölda ítalskra og erlendra

gesta sem eru t.d. kennarar, nemendur, stjórnáamenn, fólk sem er annt um umhverfið, fréttamenn, ýmsir stjórnendur og fólk sem vinnur við rannsóknir.

Remida miðstöðin kemur efni á framfæri til dagmæðra, leikskóla, grunnskóla og menntaskóla, menntunar og menningarstöðva, elliheimila, miðstöðva fyrir fatlaða, félagsstöðva o.fl.

Á leikskólunum í Reggio nota börnin þessa afgangshluti til að útfæra hugmyndir sínar á sem fjölbreytilegasta hátt. Þau nota það í byggingar sínar, sem eru oft upplýstar og varpa dularfullum skuggum á veggina. Eins nota þau hlutina í listaverk sín og til að skoða og rannsaka.

Þátttakendur á námskeiðinu í vor heimsóttu eina af vinnustöðvum Remida, sem er í einu úthverfi borgarinnar. Það var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Allir þátttakendur fylltu einn bréfpoka og jafnvel tvo af þessu frábæra "ítalska gæða sorpi" og skunduðu með heim til Íslands sælir og glaðir!

Af öllum hlutum, þá þykir mér vænst um þá sem hafa verið notaðir af mörgum, þar sem þeir hafa breyst og ummyndast, og því verið metnir að verðleikum margsinnis. "Of all the objects" B. Brech

### Heimildir:

Gianni Rodari, nido comunalen Via Guasco, 10 42100 Reggio Emilia (bæklingur um leikskólann)

Reggio Children, 1996, The little ones of silent movies.

Municipality of Reggio Emilia AGAC, International Association Friends of Reggio Children

## Norræn sýn á barnið og uppeldisleg skráning

Sigríður Síta Pétursdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar í norræna leikskóla vinabæjarsamstarfinu og sérfræðingur á skólaþróunarsviði HA.

Í greininni segir höfundur frá norrænni vinabæjar ráðstefnu um leikskólamála. Hún greinir frá megininntaki helstu fyrirlestra og frá því sem fram fór í smíðjum.

Dagana 13. og 14. september síðastliðinn var haldin fyrsta norræna vinabæjar ráðstefnan sérstaklega um leikskólamála. Undir yfirskriftinni *Det nordiske barneperspektiv og pædagogisk dokumentation*. Akureyri á fjóra vinabæi á Norðurlöndunum, Västerås í Svíþjóð, Ålasund í Noregi, Randers í Danmörku og Lahti í Finnlandi. Að þessu sinni komu þátttakendur frá fjórum af vinabæjunum. Frá Akureyri fóru 7 þátttakendur, þar af tveir fyrirlesarar, en í för með okkur slógust 2 leikskólastjórar úr Mosfellsbæ ásamt leikskólafulltrúa Mosfellsbæjar, þannig að samtals taldi hópurinn 10 eldhressar og skemmtilegar konur. Hugmyndin að vinabæjarsamstarfinu þykir það góða að leikskólafulltrúi Mosfellinga hefur sett sig í samband við sinn danska vinabæ og eru hafnar umræðu um að koma á samskonar samstarfi milli leikskóla, hvet ég aðra til að gera slíkt hið sama.

Frá Västerås í Svíþjóð voru 14 þátttakendur þar af þrjú fyrirlesarar. Frá Ålasundi í Noregi voru þátttakendur 8 þar af tveir fyrirlesarar. En frá Randers var stærsti hópurinn eða 71 þátttakandi, þar af þrjú fyrirlesarar.

Eins og áður sagði þá komu fyrirlesarar frá öllum bæjunum, en fyrirlestrunum var skipt þannig að hver bær lagði til einn fyrirlesara sem var með klukkutíma innlegg, þar sem lagt var út frá ákveðnu þema, í þetta sinn var þemað hin norræna barnsýn. Að auki komu

svo einn til tveir fyrirlesari frá hverjum bæ með svokallað „workshop“, þar sem lagt var út frá verkefnum sem leikskólarnir hafa verið að vinna, farið var ofan í vinnuferlið, í þann hluta ráðstefnunnar valdi hver og einn sér eftir því sem áhuginn bauð.

Seinni daginn var svo farið í heimsóknir í nokkra leikskóla, borðaður saman hádegisverður og ráðstefnu slit, eftir ráðstefnuslit hélt stýrihópurinn, sem skiplagði ráðstefnuna, fund þar sem farið var yfir hvernig gekk og hvað ekki, hvort ætti að halda aðra ráðstefnu. Til að gefa sem besta mynd af því hvernig þetta gekk fyrir sig verður hér rakin dagskráin og tekið saman innihald hvers fyrirlestur fyrir sig.

### Fimmtudaginn 13. september

Ráðstefnan var sett með því að bæjarstjóri Randers bauð ráðstefnugesti velkomna.

Fyrsti fyrirlestur ráðstefnunnar kom frá Randers og bar yfirskriftina „*Barnamenning og þroski einstaklingsins*“ fyrirlesari var **Anne Petersen**, cand.mag. í barna- og unglíngamenningu við Jydsk Pædagogisk – Seminarium í Randers.

Anne talaði um barnamenningu í ljósi sögunnar, t.d. hvernig heimur barna og sýn á börn, hefur birst í bókum í gegnum mismunandi tímabil og þær breytingar sem hafa átt sér stað frá því að börn voru talin litlir fullorðnir og þar til farið var að horfa á þau út frá þeirra eigin heimi. Hún talaði um mikilvægi námskrárinnar fyrir leikskólann og að það skipti máli að hvatinn kæmi innan frá en ekki að „ofan“, að leggja áherslu á það sem skiptir máli fyrir hvert samfélag, t.d. er nú lögð mikil áhersla á málrækt og umhverfisvernd í leikskólum í Randers.

Annar fyrirlesturinn kom frá Akureyri og bar yfirskriftina „*Barnamenning og skráning*“, fyrirlesari **Kristín Dýrfjörð**, lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Kristín talaði um vitsmunalegan aðbúnað í leikskólum. Hún varpaði t.d. fram

spurningunni „Getur verið fullkomið lýðræði milli barna og fullorðinna?“ Til að fullkomið lýðræði ríki, þarf leikskólinn að geta tekið á öllu sem upp kemur í leikskólanum, bæði góðri og slæmri reynslu barnanna, og geta rætt um allt. Í þeirri umræðu skiptir starfsfólkið miklu máli, að það sé fært um að gera skráningu á því sem fram fer, og vinna úr skráningunni, túlka það sem skráð er. Kristín heldur því m.a. fram að skráning:

- ~ segi okkur sögur.
- ~ sé leiðarvísir.
- ~ gefi okkur myndir af barninu.
- ~ gefi innsýn í heim barnsins.
- ~ segi okkur hvað þarf að skoða nánar.
- ~ segi okkur hvað það að ræða.
- ~ gefi mynd af því hvernig aðrir sjá mig.

Þriðji fyrirlesturinn kom frá Álasund og nefndist „*Heimurinn með augum barnsins*“, fyrirlesari **Berit Aanderaa**, lektor við Högskolen í Vestfold.

Berit minnti á að leikskólinn á að endurspeglar allt samfélagið og hvað það er mikilvægt að þeir sem að vinna með börn láti í sér heyra. Að þeir láti vita af því sem þeir eru að gera og hvers vegna. Hún minnti á mikilvægi þess að gera skráningar á því daglega sem fram fer í leikskólanum, að láta rödd barnsins heyrast. Hún telur það vera á ábyrgð hinna fullorðnu að umhverfi barnsins sé mótað með þarfir þess í huga, það gildir um alla sem að málefnum barna koma. Það er ekki nóg að halda finar ræður um mikilvægi þess að búa vel að börnum ef það býr ekkert á bak við það, sagði Berit.

Nú var komið að hádegisverði, sem var ríkulega framreiddur að dönskum hætti.

Síðasti fyrirlesturinn kom frá Västerås, hann nefndist „*Hin nýja barnsýn*“, fyrirlesari **Harold Götheson**, framkvæmdastjóri Sænsku Reggio Emilia-stofnunarinnar.

Harold lagði út frá því m.a. að það bæri að horfa á barnahópin í víðu samhengi, það er hvað er líkt og hvað er ólíkt og vinna með það, draga fram styrk hvers einstaklings. Að leikskólinn eigi að vera staður þar sem ríkir lýðræði milli barna og milli barna og fullorðinna, og á milli hinna fullorðnu. Harold benti á nokkrar leiðir til þess að þetta sé mögulegt m.a. að:

- ~ gera skráningar á því sem fram fer á milli barna í daglegum samskiptum þeirra í leikskólanum
- ~ eiga samskipti við leikskóla annars staðar frá í gegnum t.d. netið
- ~ ólíkir faghópar hittist og ræði saman, t.d. arkitektar og leikskólakennarar
- ~ foreldra og leikskólakennarar ræði saman um uppeldismál
- ~ byggja samstarf milli leikskólafólks, bæjarfulltrúa og foreldra
- ~ til sé vettvangur þar sem börn og unglingar geti látið skoðanir sínar í ljós.

### Samantekt frá fyrirlesurum

Hjá öllum fyrirlesurum kom fram að okkur ber að horfa á hvað barnið getur, því allir hafa eitthvað fram að færa, fremur en að vera að einblína á hvað barnið getur ekki. Einnig var áhugavert að heyra hvað starfið er líkt á milli Norðurlandanna, þó hver hafi sín sérkenni. Þá var gaman að heyra hvern fyrirlesarann á fætur öðrum koma og allir töluðu út frá sama vinkli, eða eins og Harold Götheson sagði, „Hvað gerir það að verkum að allir sem vinna með börn geta hist og talað saman og skilið hvern annan þó tungumálin séu ólík?“ Berit Aanderaa, sagði líka að leikskólafólk væri duglegt við að segja sögur, Praktiskfortellinger (PF), kallaði hún það, þetta væru sögur úr hversdagsleikanum, en það er einmitt hann sem skiptir svo miklu máli, þegar upp er staðið. Ráðstefna af því tagi sem haldin var í Randers gefur leikskólakennurum tækifæri til að segja sögur úr starfinu og læra hver af öðrum.

### „Workshops“, Smiðjur

Í boði voru 7 smiðjur (workshops), þar sem leikskólafólk kynnti verkefni sem hafa verið í gangi hjá þeim til lengri eða skemmri tíma.

**Pema 1**, „Starfsáætlanir í leikskólum í Álasundi“ stjórnandi Karin Håvik Eide, ráðgjafi við rannsóknarstofnunina í Álasundi. Skólayfirvöld í Álasund, hafa unnið að því að aðlaga Aðalnámskrá leikskóla (Rammeplan) að leikskólunum í Álasund, þ.e. svona vinnum við í leikskólunum í Álasund. Námskráin tók gildi 1999 og gildir út árið 2002. Með markvissri vinnu í hverjum leikskóla, hafa þeir nú mótað sér sína námskrá og ársplan að starfa eftir.

**Pema 2**, „Barnið í brennidepli – hinir margbreytilegu þroskamöguleikar“, stjórnandi Guro Braathen Thoresen, leikskólastjóri í Fagerlia leikskólann og Turid Sandnes, leikskólastjóri við Hessa leikskólann. Þróun á deildar- og aldursblöndun, þar sem markmiðið var að gefa bæði börnum og starfsfólk möguleika á að nota margbreytileikan sem afl til að þróa starfið. Til að auka gæði starfsins er mikilvægt að vera meðvitaður um viðhorf sín og að hafa barnið í brennidepli.

**Pema 3**, „Hið góða foreldrasamtal í leikskólanum“, stjórnandi Annika Wallin, leikskólakennari. Foreldrasamtöl eru einn af mikilvægu þáttum leikskólastarfsins. Það er mikilvægt að starfsfólk hafi gott vald á því að byggja upp og stjórna samtali þannig að það skili árangri fyrir báða aðila. Kynning á hugmyndum að vinnulagi, aðferðum og samtalstækni, til að geta byggt upp og átt árangursríkt og gott foreldrasamtal.

**Pema 4**, „Að lesa og skrifa list er góð“, stjórnandi Anne Ljungdahl, verkefnisstjóri fyrir lestrar- og skrifstarverkefnið í Västerås. BokNalle, Bok lek og En Gyllene Bok –eru þjár bækur sem hafa verið notaðar í verkefni sem heitir Rauði málþráðurinn í Västerås.

Verkefnið er samstarfsverkefni barnabókasafna í Västerås. BokNallen, þar er að finna viðtöl við foreldra eins árs barna um hvaða þýðingu þau telji barnabækur hafa fyrir málþroska. Bok lek, að leika og læra um bækur og bókasöfn í leikskólum. En Gyllene Bok, leiðarabók (loggbok) um lestur.

**Pema 5**, „Ég, umhverfi mitt og menning“, stjórnandi Aðalheiður Hreiðarsdóttir, leikskólastjóri leikskólanum Klappir, Akureyri. Evrópuverkefni sem leikskólinn var þátttakandi. Aðalheiður kynnti verkefni sem leikskólinn hefur verið þátttakandi í. Hún ræddi um hvernig og hversvegna að taka þátt í svona samstarfi. Hvernig verkefnið var skipulagt og framkvæmt.

**Pema 6**, „Í spor barnsins“, stjórnandi Rita Willum, leikskólastjóri, leikskólanum Midgaard í Randers. Midgaard er leikskóli sem tekur mið af hugmyndafræði Reggio Emilia. Rita sagði frá hvernig börn og starfsfólk vinnur saman og hvernig sporum barnanna er fylgt eftir, hvernig starfsfólk vinnur að því að mennta sig og hvernig áhugi barnanna er vakinn. Rita kynnti nokkur af þeim þemaverkefnum sem hafa verið unnin og eru í gangi í leikskólanum, einnig voru sýndar skráningar.

**Pema 7**, „Tilboð til ungra mæðra“, stjórnandi Helle Jantzen, leikskólastjóri, leikskólanum Viborgsvejens Vuggestue, Randers. Verkefnið gengur úr á að veita ungum mæðrum ráðgjöf og aðstoð, til að reyna að hafa áhrif á foreldrahlutverkið. Verkefnið nær einnig til ungra fjölskyldna, tilgangurinn er að styrkja tengsl móður og barns. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 1995 og er nú orðið fast tilboð til unglingsmæðra. Það er í boði á 4 vöggustofum bæjarins og er liður í forvarnarstafi til að draga úr líkum á félagslegum vandamálum í framtíðinni.

Hvert bæjarfélag hafði bás þar sem það kynning var á leikskólastarfsemi. Frá Akureyri var kynning á því sem börnin á

Íðavelli og Klöppum hafa verið að gera og eru að gera. Einnig voru heimasíður bæjanna hafðar opnar svo hægt var að skoða þær.

### **Föstudagurinn 14. september**

Heimsótti voru leik- og grunnskólar í Randers. Eftir heimsóknirnar var svo hádegisverður í boði Randersbæjar og ráðstefnuslit

#### **Framhaldið**

Ákveðið hefur verið að halda ráðstefnu árlega héðan í frá þar sem mikil ánægja var með hvernig til tókst í þetta sinn. Västerås bauð sig fram til að halda næstu ráðstefnu, sem verður í september 2002. Fólk var sammála um að þessi tími hentaði vel þar sem vetrarstarfið væri komið í nokkuð góðar skorður og hægt væri að nota verkefni síðasta starfsárs sem upplegg í „workshops“. Það var ekki spurning í huga þeirra sem að þessu stóðu að þetta samstarf er komið til að vera.

### **Hagur af vinabæjarsamstarfi með áherslu á leikskólann**

Akureyrarbær er þátttakandi í norrænu vinabæjarsamstarfi. Samstarfsþættirnir nú eru tveir, annars vegar unglíngastarf og samskipti bæjarfulltrúa, einnig er samstarf á milli í félags- og umhverfismálum. Það ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að samstarf, þar sem áhersla er lögð á leikskólamálaflökkinn, geti verið liður í vinabæjarsamstarfi.

Ávinningur með erlendu vinabæjarsamstarfi er margvíslegur og verður hér fátt eitt talið til. Samstarfið vikkar sjóndeildarhringinn og gerir okkur ljóst okkar eigin sérstöðu um leið og við kynnumst sérstöðu og menningu annarra, aukin þekking á menningu annarra, er þetta leið til að vinna gegn fordómum.

Meiri meðvitund um eigið starf ýtir undir metnaðarfullt starf innan leikskólans, það er styrkur fyrir faglega starfið í leikskólanum, þegar allir vita fyrir hvað þeir standa sem fagmenn, og eykur líka á starfsánægjuna innan leikskólans. Starfsfólk sem tekur þátt í

krefjandi samstarfi við aðrar þjóðir er glatt og stolt starfsfólk með sterka sjálfsmynd, það hefur áhrif á bæði börn og fullorðna.

Hagur bæjarfélagsins er augljós, því bæjarfélag sem hefur sterka og góð ímynd út á við, vegna metnaðarfulls leikskólastarfs, auglýsir sig sjálft og laðar að sér metnaðarfullt fólk til búsetu. Rannsóknir hafa sýnt að eitt af því sem vegur þungt þegar fólk velur sér stað til búsetu er hvernig staðið er að leikskólamálaflökkinn í viðkomandi sveitarfélagi, hversu faglegt og metnaðarfullt starf þar er unnið. Því getur þátttaka í erlendum verkefnum, borið orðspor bæjarins víða.

Markmið með norrænu vinabæjarsamskiptunum milli leikskóla er meðal annars að:

- ~ skapa vettvang þar sem hægt er að skiptast á uppeldislegum skoðunum og reynslu.
- ~ þróa og styrkja norræna leikskóla.
- ~ láta rödd barnsins heyrast sem víðast
- ~ öðlast skilning á barnamenningu hvers lands.

Hugmyndin er að leikskólarnir myndi með sér net, þar sem tveir eða fleiri leikskólar í bæjunum fjórum vinna saman að verkefnum. Einu sinni á ári verði haldin ráðstefna, þar sem lagt verði út frá því sem efst er á baugi í hvert sinn og þeim verkefnum sem leikskólarnir eru að fást við, verkefnið verði notuð sem uppistaða í næstu ráðstefnu og svona haldi þetta áfram koll af kalli. Á hverri ráðstefnu verði einn eða fleiri fyrirlesarar frá hverju bæjarfélagi, ásamt verkefnisstjórum í smíðjum. Þannig verður skapaður vettvangur fyrir leikskólakennarar til að hittast og taka þátt í smíðjuvinnu saman.

# Greining á matskýrslum fjögurra leikskóla og eins grunnskóla

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir starfandi brautarstjóri leikskólabrautar við Háskólann á Akureyri

Í þessari grein verður leitast við að skoða fimm opinberar matskýrslur, fjórar úr leikskólum og eina frá grunnskóla. Ákveðnar spurningar eru hafðar til hliðsjónar s.s. Eru hugtök skýr? Er því vel lýst sem meta skal? Eru allir hagsmunaaðilar með? Er vel tilgreint við hvaða staðla og viðmið stuðst var? Er lagt mat á niðurstöður og ábendingar gefnar?

Úttektarskýrslurnar sem hér er lagt mat á eru annars vegar á starfi fjögurra leikskóla og eru eftir þær Kristínu Karlsdóttur (1998), Guðrúnu Öldu Harðardóttur (1998), Kristínu Dýrfjörð (2000) og Jóhönnu G. Kristjánsdóttur (2000) og hins vegar úttekt eins grunnskóla eftir Benedikt Sigurðarson og Ingibjörgu Auðunsdóttur (2000).

Þar sem framkvæmdaáætlun skýrsluhöfunda er ekki opinbert plagg er eingöngu stuðst við skýrslurnar eins og þær koma fyrir á netinu á heimasíðu menntamálaráðuneytisins. Við matið á úttektarskýrslunum er stuðst við kafla tuttugu í fræðiritinu Program evaluation; að meta matskýrslur.<sup>46</sup>

Viðmiðin sem lögð eru til grundvallar matinu á skýrslunum eru eftirfarandi: Eru hugtök skýr? Er því vel lýst sem meta skal? Eru allir hagsmunaaðilar með? Er vel tilgreint hvaðan upplýsingarnar voru fengnar og eru þær tæknilega góðar og vel staðið að öflun þeirra? Heildaryfirsýn; ekki hlaðið upp ónauðsynlegum upplýsingum. Er vel tilgreint við hvaða staðla og viðmið stuðst var? Er lagt mat á niðurstöður og ábendingar gefnar? Er skýrslan viðeigandi/læsileg fyrir þá sem eiga að nota hana?

<sup>46</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:439-458

## Skýr hugtök

Lítið er um að hugtök séu skilgreind í matskýrslunum, almenn notkun hugtaka er í flestum skýrslunum og þá stundum vísað til laga og reglugerða í því sambandi. Undantekningar eru þó frá þessu, t.d. skýrir Guðrún Alda „uppeldisfræðilega skáningu“ (bls. 5 í skýrslu<sup>47</sup>), Jóhanna skilgreinir hvað hún á við með „innra starfi“ leikskóla (bls. 10 í skýrslu) og Kristín Dýrfjörð gerir grein fyrir hugtökunum „lýsandi og greinandi“ mat (bls.4 í skýrslu). Greinilegt er að skýrsluhöfundar telja að þeir sem lesi skýrsluna þekki vel til skólastarfs og er það eðlilegt að því leyti að skýrslan er ætluð starfsmönnum matsdeildar menntamálaráðuneytisins og starfsmönnum viðkomandi skóla, hins vegar mætti athuga hvort þetta sé nægjanlegt í ljósi þess að foreldrar kynna sér gjarnan skýrsluna og þekkja kannski ekki eins vel til hugtakanotkunar í skólastarfi.

## Greinagóð lýsing á því sem meta skal

Brotalamir eru á því hversu skýrt viðfangi er lýst í öllum skýrslunum, þ.e. hvaða þætti á að meta. Í öllum leikskólaskýrslunum eru tilgreind atriði sem menntamálaráðuneytið gefur upp að skoða skuli. Þessi upptalning verður að teljast mjög yfirborðsleg og víð, þ.e. ekki er tilgreint nánar í hverju matið á viðkomandi þáttum felst né tilraun gerð til að afmarka þá og er þar í þessu efni fyrst og fremst að sakast við menntamálaráðuneytið. Það verður því að teljast í höndum matsaðila að afmarka sig og ákveða hvernig hann nálgast verkefnið og mættu höfundar gera betur grein fyrir þeirri afmörkun í skýrslunum. Í fyrirnefndum skýrslum kemur þó fram að leitast verði við að leggja mat á viðhorf og samskipti í leikskólunum, auk þess sem lagt verði mat á hvort markmiðum laga, reglugerða og skólanámskrár sé fylgt. Í skýrslunni um grunnskólann er stuttlega tilgreint að leitast verði við að skoða samskipti/samstarf og

<sup>47</sup> Þegar blaðsíðatal er gefið upp sem tilvísun innan sviga er átt við viðkomandi matsskýrslur.

viðhorf/væntingar allra sem að skólastarfinu koma auk þess að skoða metnað skólastjórnenda og rekstraraðila til skólastarfsins (bls. 8 í skýrslu). Þess ber að geta að í eigindlegu mati og þátttökunálgunum er alls ekki skýrt í upphafi hvað skoðað verður, heldur birtist og afmarkast viðfangið smám saman.<sup>48</sup> Þetta gæti skýrt hvers vegna þessi þáttur er svo óljós í skýrslunum, því nokkrar þeirra einkennast af þessum nálgunum, t.d. skýrslur Guðrúnar Öldu og Kristínar Dýrfjörð. Hins vegar ætti að vera hægt, að mati loknu, að draga saman hvar áherslupunkturarnir lentu, til að hjálpa lesandanum að átta sig.

### Allir hagsmunaaðilar með

Allir hagsmunaaðilar eru hafðir með að undanskildum skýrslum Kristínar K. og Jóhönnu; þar fær rödd barnsins ekki að koma fram nema mjög óbeint hjá þeirri síðarnefndu (bls. 29) og alls ekkert hjá þeirri fyrrnefndu. Einnig er einungis stuðst við eldri kannanir sem leikskólinn hafði gert á viðhorfum foreldra í skýrslu Kristínar K. (bls. 3 í skýrslu). Þetta verður að teljast mjög gagnrýniverð þar sem mikilvægt er að allar raddir fái að heyrast.<sup>49</sup> Hugsanleg skýring er að þetta beri vott um það viðhorf skýrsluhöfunda að sumir „þjónustuþegar“ viti ekki hvað þeim er fyrir bestu, t.d. börn og geðsjúklingar, svo dæmi sé tekið úr fræðunum.<sup>50</sup>

### Upplýsingar tæknilega góðar og vel staðið að öflun þeirra

Í öllum skýrslunum fimm er ítarlega greint frá hvert upplýsingar eru sóttar og hvaða aðferðir eru notaðar til að nálgast þær. Öflun upplýsinganna er gerð góð skil í öllum skýrslunum og gerð kannana og viðtalsramma lýst, spurningalistar fylgja jafnframt í viðauka með öllum skýrslunum nema grunnskólaskýrslunni og er það galli á henni. Spurningalistum er þó ekki lýst í fyrstu leikskólaskýrslunni (Kristín K.) og hefði verið forvitnilegt að vita hvort listinn var t.d.

forprófaður (fyrsti listinn sinnar tegundar og því forprófun mikilvæg).<sup>51</sup> Nokkrir gallar reyndust einmitt á þeim spurningalista og sem dæmi má nefna að spurningar eru orðaðar mjög almennt og ekki fylgt eftir á nokkurn hátt, (t.d. spurning nr. 2: Hversu góð er stjórnun leikskólans að þínum dómi?) og gefa þess vegna ekki nógu lýsandi mynd af ástandinu, í þessu tilfelli, stjórnun leikskólans. Einnig kemur fram á bls. 17 í sömu skýrslu (Kristín K.) að matsaðili varð var við að starfsfólk átti erfitt með að nefna veikar hliðar á starfinu og þurfti hún að þrýsta talsvert á þær í því sambandi. Spurning 2 getur alls ekki talist fullnægjandi til að fá fram raunhæfa lýsingu, þurft hefði að fylgja henni eftir með fleiri spurningum sem hefðu farið ofan í saumana á viðfanginu, þ.e. stjórnun leikskólans.

Kristín Dýrfjörð virðist vera sú eina sem forprófar sinn lista (einn galli er þó á spurningalista hennar, allt of þröngt starfsaldursbil er tilgreint, þannig að leikur einn virðist að tengja persónur og svör saman í svona litlum hópi, en það ber að forðast til að rýra ekki traust svarenda)<sup>52</sup> og einnig er hún ein um að nota svokallaðan rýnihóp foreldra og starfsmanna (bls.6). Galli er að hún lýsir ekki hvernig hún valdi þátttakendur í rýnihóp starfsmanna, aðeins kemur fram að það voru tveir leikskólakennarar og tveir leiðbeinendur; voru þeir valdir vegna starfsreynslu eða var tilviljunarúrtaki beitt? Kristín D. vinnur ekki á nægilega skýran hátt úr tölfræðigögnum sínum. Mynd á bls. 21 (í skýrslu) er gott dæmi um villandi útfærslu, betra hefði verið að breyta tölunum í prósentur fyrst, það auðveldar lesandanum samanburðinn til muna. Eins og myndin er útfærð, þá blekkir augað lesandann og hann ber saman hlutfallslega en ekki tölulega.

Margprófun (triangulation) var notuð að einhverju marki í öllum skýrslunum en þá er upplýsinga um sama fyrirbærið aflað frá fleiri en einum aðila.<sup>53</sup> Dæmi um þar sem skortir á margprófun er t.d. þegar mat er lagt á stjórnun leikskólanna, þá er yfirleitt látið nægja

<sup>48</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:156, 389-393

<sup>49</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:248

<sup>50</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:10-13

<sup>51</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:353-356

<sup>52</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:334-336

<sup>53</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:164, 343, 378, 391

að fella dóma eingöngu út frá huglægu mati starfsmanna sem birtist í spurningalistum, og á það jafnt við um allar leikskólaskýrslurnar, jafnvel þó komið hafi í ljós, í einni skýrslunni eins og áður sagði, að starfsmenn virtust eiga erfitt með að nefna eitthvað sem betur mætti fara eða með öðrum orðum starfsmenn áttu erfitt með að rýna til gagns.

### **Heildaryfirsýn, ekki hlaðið upp ónauðsynlegum upplýsingum**

Fjórar skýrslur af fimm eru mjög lýsandi þ.e. því er vel lýst sem fyrir augu ber og lesandinn fær allgóða heildaryfirsýn. Þó takmarkast yfirsýnin í skýrslu Jóhönnu þegar raddir allra fá ekki að hljóma nema óbeint eins og getið var um hér á undan. Skýrslan, sem sker sig úr og inniheldur engar vettvangslýsingar, allar lýsingar eru í gegnum aðra, kannski vegna þess að matsaðili virðist ekkert hafa fylgst með á vettvangi, er fyrsta matskýrslan sem gerð var á leikskólastarfi. Sjá má heilmikla þróun í seinni skýrslunum einmitt hvað þetta varðar. Skýrsla númer tvö, þ.e. Guðrúnar Öldu, gengur lengst í vettvangslýsingum og hefur greinilega haft jákvæð áhrif á þær leikskólaskýrslur sem á eftir komu.

Í skýrslu Jóhönnu gætir tilhneigingar að hlaða upp ónauðsynlegum upplýsingum t.d. er blaðsíðu 6 hreinlega ofaukið en þar eru upptalningar sem koma matinu nánast ekkert við og hefði a.m.k. mátt draga saman í örfáar línur. Í öllum skýrslunum, nema skýrslu Kristínar Dýrfjörð og þeirra Benedikts og Ingibjargar, er allt of mikið vitnað beint í lög og reglugerðir, nóg hefði verið að vitna til þeirra óbeint þar sem allir hafa aðgang að þeim. Setur þetta óþarfa „þurradrumsblæ“ á skýrslurnar og slítur efnisumfjöllun í sundur.

### **Vel tilgreint við hvaða staðla og viðmið stuðst er**

Í öllum leikskólaskýrslunum er greint frá að stuðst sé við viðmið menntamálaráðuneytisins, lög og reglugerðir um leikskóla og Uppeldisáætlun/Aðalnámskrá. Í grunnskólaskýrslunni er tilgreint að nýjar kröfur til skólastarfs þ.e. ný lög, reglugerðir og aðalnámskrá

séu hafðar í huga þegar unnið er að úttektinni (bls. 2-3). Þessi viðmið benda til markmiðsmiðaðrar nálgunar, þ.e. matsaðili leggur mat á hvort starf skólans standist lög og reglur og uppfylli markmið sem sett eru af yfirvöldum.<sup>54</sup> Eins og áður getur hefur þróunin í matskýrslunum samt sem áður orðið æ fráhverfari markmiðsmiðaðri nálgun (skýrasta dæmið er skýrsla Kristínar Dýrfjörð) og stefnt æ meira í átt til eigindlegra og þáttökumiðaðra nálgana þar sem allir staðlar og viðmið eru mun óljósari og huglægari en í meginlegum og tölfræðilegum nálgunum.<sup>55</sup> Matsaðilinn hefur þá æ meir í eigin kalli hvað er gott skólastarf og leggur eigin mælistiku á það sem hann er að skoða. Hér gildir eins og fyrr að þetta léttir ekki þeirri skyldu af matsaðilanum að hann skýri eins nákvæmlega og hægt er fyrir lesandanum hvaða viðmið hann hefur í huga, hvað hann telur einkenna gott skólastarf og hvernig hann bar sig til við matið.

### **Mat lagt á niðurstöður og ábendingar gefnar**

Mat er lagt á niðurstöður í öllum skýrslunum. Þó er misjafnt hversu víðtækt það mat er. Í fyrstu leikskólaskýrslunni (Kristín K.) stendur t.d. að „stjórnun og innra starf á leikskólanum sé mjög gott“ (fremst, á ótölusettri blaðsíðu). Þegar skoðað er á hverju þessi dómur (um stjórnun leikskólans) er grundaður sést að einungis er lagt mat á hvort stjórnunin standist lög og reglugerðir (bls. 20). Höfundur ver hins vegar ekki nema einni síðu í umfjöllun um stjórnun leikskólans (bls. 9-10).

Ef við höldum áfram að skoða t.d. hvernig mat á stjórnun leikskólanna er grundað, þá má lesa á bls. 20 í skýrslu Guðrúnar Öldu: „Í könnun meðal starfsmanna svo og í viðtali við starfandi leikskólastjóra kom fram að styrkja þarf stjórnun leikskólans“. Á bls. 18 kemur einnig fram að þegar starfsmenn voru beðnir að nefna veikustu hliðar í starfi leikskólans, nefndu þeir stjórnun leikskólans

<sup>54</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:81-94

<sup>55</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:153-168



síðastliðið ár. Ekki er getið um hve margir nefndu þetta, né var þetta rætt meira af hálfu skýrsluhöfundar. Í framhaldi af þessu hefði verið gagnlegt að leita skýringa á í hverju veikleiki stjórnunarinnar var helst fólgin og koma með ábendingar um hvernig mætti bæta um. Höfundur ver einungis hálfri síðu í umfjöllun um stjórnun leikskólans (bls. 11).

Fremst í skýrslu Kristínar Dýrfjörð er upptalning á því sem betur má fara, sem líkur með orðunum: „Í þeirri vinnu sem framundan er þarf að styrkja stjórn leikskólans“ (bls. 2). Ekki er á neinn hátt tilgreint nánar hvað átt er beinlínis við og gagnlegt hefði verið að fá ábendingar um hvernig mætti bæta stjórnunina. Höfundur ver ekki nema einni síðu í umfjöllun um stjórnun leikskólans (bls. 10-11).

Í byrjun skýrslu Jóhönnu er dregið upp alltof vítt mat til að það geti talist gagnlegt: „Niðurstöður matsins eru á þá leið að á leikskólanum fari fram mjög gott og vandað starf ...“ (bls. i). Á bls. 29 má lesa nánar: „Hér verður sú ályktun dregin að leikskólastjóra hljóti að hafa tekist vel að miðla til hinna starfsmanna því sem er forsenda vandaðs leikskólastarfs og hafi tekist að virkja góða hæfileika þeirra í starfinu með traustri ráðgjöf“ [undirstrikun mín]. Á engan hátt er kveðið uppúr með skýrum hætti á hverju þetta mat er grundvallað. Höfundur ver einungis hálfri síðu í umfjöllun um stjórnun leikskólans (bls. 29).

Höfundar grunnskólaskýrslunnar tengja umfjöllun um stjórnun skólans öllum sviðum skólastarfsins og ræða öll mál í stjórnunarlegu samhengi. Gott dæmi er að finna í viðauka I með skýrslunni en þar eru niðurstöður matsins færðar inn í svokallaða „matrixu“; þar kemur glögglega í ljós að öll atriðin tengjast mjög hlutverki og ábyrgð skólastjórnenda, þ.e. það er þeirra hlutverk að sjá til þess að tekið sé á málum. Í þessu sambandi mætti velta fyrir sér hvort ekki sé gagnlegra að hafa samhengi stjórnunar og annarra þátta leikskólastarfsins skýrar orðað í framtíðinni?

### **Skýrslan viðeigandi og læsileg fyrir þá sem eiga að nota hana**

Skýrslurnar allar fimm eru á góðu máli og auðlesnar fyrir hlutaðeigandi. Eins og kom fram hér að framan eru nokkrir hnókrar sjáanlegir eins og að hugtök eru ekki nægilega skilgreind og beinar tilvitnanir í lög og reglugerðir snúa upp á textann. Eins þarf lesandinn, efnisins vegna, töluvert að hoppa fram og til baka í skýrslu Jóhönnu. Þessi atriði eru þó í miklum minnihluta og skyggja ekki á heildaryfirbragð skýrslanna að neinu verulegu leyti, nema ef vera skildi í síðastnefnda tilvikinu. Gera má athugasemd við að í skýrslu Kristínar Dýrfjörð er ekki leitast við að lagfæra augljósar ambögur viðmælenda, í beinum tilvitnunum í orð starfsmanna, eins og t.d. þágufallssýki (bls. 28). Þó ekki sé mælt með því að hróflað sé við orðalagi í beinum tilvitnunum þykir þó sjálfsagt að laga augljósar ambögur í málfari og ber það einungis vott um virðingu fyrir viðmælenda.

Gagnlegt hefði verið að beita margprófun við mat á þessum skýrslum, einkum varðandi þennan síðasta punkt. Gott hefði verið að fá einhvern í meiri fjarlægð frá málefninu til að gera grein fyrir hvernig þetta lesefni virkar á t.d. foreldra, gagnlegt hefði því verið að fá einn úr þeirra hópi til að lesa og dæma fyrir sig.

### **Samantekt og lokaorð**

Þegar horft er á heildarsvip skýrslanna á þessu þriggja ára tímabili má augljóslega greina þróun í framkvæmd og úrvinnslu eins og getið er um hér að framan. Þar skal fyrst nefna þróun í átt til meiri vettvangsrannsókna og eigin athugana matsaðila. Þróunin í matsskýrslunum hefur verið æ fráhverfari markmiðsmiðaðri nálgun sem var ríkjandi í fyrstu skýrslunni, þar sem nær eingöngu var blínt á lög og reglugerðir, og stefnir æ meira í átt til eigindlegra og þátttökumiðaðra nálgana sem henta mun betur mati í skólastarfi.

Næsta skref í þróuninni ætti að vera það að reyna að samþætta sjálfsmat skólanna við ytra mat menntamálaráðuneytisins. Þá væri

vænlegur kostur að hafa sama vinnulag og haft er í grunnskólunum þ.e. að draga ekki út leikskóla með tilviljunarúrtaki heldur bjóða þeim upp á að sækja um mat eins og grunnskólarnir gera, þ.e. þá sækja þeir leikskólar um sem lengst eru komnir í að þróa sjálfsmat og utanaðkomandi úttekt beinist þá fyrst og fremst að því að meta sjálfsmatið, þ.e. benda á styrk og veikleika sjálfsmatsins og vera ráðgefandi við matsferlið.

Mikilsvert er að kastljósið beinist ekki eingöngu að matsferlinu og útkomunni sem slíkri heldur einnig að því hvernig hún verði hagnýtt. Hér reynir á matsaðilann, hann þarf að hafa glöggskyggni til að bera til að hafa báða höfuðfleti matsins (markmið og notagildi<sup>56</sup>) í hávegum og í jafnvægi. Eftirleikurinn, þ.e. hagnýting matsins og þróun skólans, er reyndar fyrst og fremst undir leikskólanum sjálfum kominn.

Í Aðalnámskrá leikskóla er kafli um ytra mat. Þar segir m.a. að mati sé ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla. Niðurstöður úr mati ættu að leiða til aukinnar þekkingar og þróunar á leikskólastarfi og stuðla þannig að umbótum.<sup>57</sup> Af þessu má draga þá ályktun að raunhæft og lýsandi mat geti orðið viðkomandi leikskóla að góðu gagni.

Úttektir sérfræðinga eru hins vegar oft byggðar á takmarkaðri söfnun gagna og þeir eiga oft erfitt með að setja sig inn í málin á stuttum tíma nema með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði. Kennararnir í skólunum eru hins vegar í bestu stöðunni til að vita hvað þarf að gera til að bæta skólastarfið. Að fela kennurum sjálfum valdið til að meta og þróa er því vænlegri leið sem gerir þá ábyrgari og áhugasamari og starfið verður þeim merkingarbærara.<sup>58</sup>

<sup>56</sup> Worthen, Sanders og Fitzpatrick 1997:7-10

<sup>57</sup> Aðalnámskrá leikskóla 1999:42

<sup>58</sup> Börkur Hansen 1992:48

Innra mat skóla, eða sjálfsmat, lýtur í stórum dráttum sömu lögmálum og ytra matið, þó er einn regin munur á, starfsmennirnir sjálfir sjá um framkvæmdina. Hvatinn kemur að innan en ekki að utan eða ofan og skiptir það höfuðmáli í sambandi við skuldbindingu starfsmanna.<sup>59</sup> Það er í höndum starfsmanna hvað er matið, með hvaða hætti er matið og hvernig niðurstöður verða hagnýttar. Skólamenningin einkennist þá af gagnrýnni hugsun sem felur í sér að líta yfir farinn veg með augum þess sem spyr áleitinna spurninga um hvernig gangi og hvað megi bæta.<sup>60</sup>

Hverjum leikskóla er skylt að framkvæma sjálfsmat skv. lögum<sup>61</sup> en þrátt fyrir að þetta hafi tekið gildi fyrir u.þ.b. fimm árum eru leikskólar samt sem áður ákaflega stutt komnir hvað það varðar. Nokkrar ástæður eru fyrir því og má nefna að tími sem á að fara í þetta er ekki auðfundinn. Hvaða aðferðum á að beita í sambandi við sjálfsmat er ekki gefið, en nokkur námskeið hafa verið haldin til að koma fólki á sporið.

Vænlegast er fyrir skólasamfélagið að flétta umbóta- og þróunarverkefnum inn í hefðbundið leikskólastarf í stað þess að lyfta þeim á stall og umgangast þau sem einhverskonar sérverkefni eða jafnvel „gæluverkefni“. Að horfa gagnrýnum augum á leikskólastarfið í þeim tilgangi að greina þarfir skólans fyrir breytingar með umbætur að leiðarljósi og bæta starfsemina smátt og smátt, í stað þess að reyna að umbylta henni, er ákjósanlegur kostur til skólaþróunar. Hanna þarf sjálfsmat skólans sem tekur á öllum hinum fjölbreyttu þáttum í skólastarfinu jafnframt því að taka mið af sérkennandi menningu skólans og öllum hagsmunaaðilum. Þetta verk er að mínu mati best komið í höndum leikskólakennara sjálfra, utanaðkomandi matsaðili er þó góð viðbót því glögg er gests augað. Ég sé því þetta tvennt, sjálfsmat skóla og ytra mat, tvinnast

<sup>59</sup> Sergiovanni 1995:95, 157-159; 2000:1-2; Barth 1990:45

<sup>60</sup> Rúnar Sigþórsson o.fl. 1999:81

<sup>61</sup> Reglugerð um starfsemi leikskóla nr 225/1995

einstaklega vel saman í framtíðinni, t.d. með aðferðum þátttökunálgunar og undir merkjum starfendarannsóknna.

Til þess að svo megi verða þarf að auka grunnmenntun leikskólakennara á þessu sviði þ.e. í mati í leikskólastarfi þar sem höfuðáherslan væri á sjálfsmat leikskólans. Árangursríkast væri að hluti af vinnutíma leikskólakennara væri helgaður ákveðinni rannsóknarskyldu því ekki dugir að bæta endalaust verkefnum á leikskólakennara án þess að ætla þeim tíma til að vinna að þeim. Leikskólastarf verður alltaf metið, ef ekki formlega þá óformlega. Spurningin er aðeins hver gerir það (leikskólakennarar, aðrir sérfræðingar, fjölmiðlamenn eða jafnvel Gróa á Leiti) og hversu vel ígrundað verður það? Það er því mikilvægt að það sé í höndum leikskólakennara sjálfra að þróa aðferðir til sjálfsmats.

### Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. [Reykjavík], Menntamálaráðuneytið.
- Barth, Roland S. 1990. Improving schools from within. – Teachers, parents and principals can make the difference. San Francisco, Jossey-Bass.
- Benedikt Sigurðarson og Ingibjörg Auðunsdóttir. 2000. *Grunnskóli Mýrdalshrepps, Lokaskýrsla*. [Óútgefið].
- Börkur Hansen. 1992. Mat á skólustarfi – Til hvers? *Uppeldi og menntun* 1,1:44-53
- Guðrún Alda Harðardóttir. 1998. *Mat á leikskólanum Krílakoti*. [Óútgefið].
- Jóhanna G. Kristjánsdóttir. 2000. *Mat á starfi leikskóla Hólmavíkur, Lækjarbrekku*. [Óútgefið].
- Kristín Dýrfjörð. 2000. *Leikskólinn Stakkaborg Reykjavík – Mat -* [Óútgefið].
- Kristín Karlsdóttir. 1998. *Mat á starfi leikskólans Furuborgar*. [Óútgefið].
- Reglugerð um starfsemi leikskóla nr 225/1995*
- Rúnar Sigþórsson (ritstj.), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannesson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. 1999. *Aukin gæði náms – skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sergiovanni, Thomas J. 1995. *The principalship – A reflective practice perspective*. (3. útg.) Boston, Allyn & Bacon.
- Sergiovanni, Thomas J. 2000. *The lifeworld of leadership – creating culture, community, and personal meaning in our schools*. San Francisco, Jossey-Bass.

Worthen, Blaine R., James R. Sanders og Jody L. Fitzpatrick. 1997. *Program evaluation – Alternative approaches and practical guidelines*. (2. útg.) New York, Longman